

**SIGURÐUR Í KB BANKA
BYGGIR ÓÐALSSETUR
Í NORÐURÁRDAL**



**GLÆSILEG ÁRSHÁTIÐ RÚV
KASTLJÓSSTELPURNAR
LANGFLOTTASTAR**



hér & nú

Fimmtudagur 30. mars 2006 - 13. tbl. - 2. árgangur - Verð: 395 krónur



**BUBBI MORTHENS SLÆR EKKI
SLÖKU VIÐ Í KVENNAMÁLUNUM**

**Í Prag um
helgina!**

**MED LEYNIKÆRUSTU
Á ÞRÍTUGSALDRI**

**STELPURNAR Í
UNGFRÚ REYKJAVÍK**

**Sjáið
hverjar!**

**ELLEFU AF
NÍTJÁN MED
KÆRASTA**

TOMMI TOMMABORGARI

**BYRJADUR MED
BÓKASAFNSFRÆÐINGI**

**ÓLÖF RÚN
SKILUR
VIÐ EIGIN-
MANNINN**

FARIN TIL ÞÝSKALANDS

ISSN 1670-598X



L' O R



Þú kaupir tvær vörur úr Body Expertise
línunni frá L'Oréal og færð tvo
PERFECTSLIM plástra í kaupauka.*



- * Andvirði 606 krónur
- ** Prófað á 50 konum í 2 vikur
- *** Mælt með þ.t.g. tækjum á 24 konum
- **** Prófað á 50 konum

É

A

L

PARIS

Ekki láta appelsínuhúðina sigra þig!

Raunhæfur árangur hjá 85%**

PERFECTSLIM

MINNI APPELSÍNUHÚÐ + STINNANDI ÁHRIF

- PERFECTSLIM inniheldur niðurbrjótandi efni gegn fitu og vinnur gegn appelsínuhúð sem safnast hefur fyrir á lærum og rassi.
- Bætt með Par-Elastyl™ sem sléttir og stinnir húðina stig af stigi.

Árangur: Eftir 8 daga: 41% þéttari og 89% stinnari***

Eftir 15 daga: 1 cm minna ummál á lærum****

...því þú átt það skilið!

L'ORÉAL
PARIS

NÝ FORMÚLA
NÆTURGEL



BODY-EXPERTISE



NUTRILIFT

Rakagefandi og stinnandi húðmjólk fyrir venjulega og þurra húð



PERFECTSLIM GEL

Dag- og næturgel sem stinnir og sléttir húð. Vinnur á appelsínuhúð.



PERFECTSLIM PLÁSTUR

Plástur sem stinnir og sléttir húð. Vinnur á appelsínuhúð.



SCULPTUP

Þéttir og stinnir húð. Gott eftir barnsburð.



EXFOTONIC

Skrúbbar, sléttar og hreinsar burt dauðar húðfrumur.

LOKSINS LOKSINS LOKSINS

Hollywood þægindi á Íslandi!



Hann er til leigu!

- ▶ Hentar vel við ýmis tækifæri, svo sem afmæli, brúðkaup og fundi
- ▶ Tekur 17 farþega
- ▶ Lystisnekkja á hjólum

GOLD LIMO

SÍMI 897 0930 • goldlimo@goldlimo.is

hér & nú



10

STJÖRNUFRÉTTIR

6-7 Bubbi í Prag. Kominn með nýja kærustu.

8 Ungfrú Reykjavík.

10 Tommi borgari. Byrjaður með bókasafnsfræðingi.

11 Ólöf Rún. Skilin.

12 Sigurður Einarsson. Byggir óðalssetur.

13 Georg Helgi Seljan. Stútaði jeppa Stöðvar 2.

14-17 Innlendir fréttir.

18-19. Erlenda slúðrið.

20 Hildur Hermannsdóttir.

Undirfatamódel í útvarpi.

22-23 Hvað er að fréttá?

Helga Stephensen.

LÍFSSTÍLL

25 Haukur í Ástarfleyinu. Gerir heimildarmynd.

26-27 Árshátíð RÚV. Kastljóstelpurnar langflottastar.

28-29 Galakvöldverður á Bessastöðum.

30-31 Bransasagan. Eyþór Arnalds.

32-33 Tískan í H&M. Vorið er komið.

34-35 Ungfrú Vesturland.

36-37 Idolið. Ragnheiður Sara datt úr keppninni.

38 Helgin með Hér & nú.

40-41 Blöðrupilsin verða það heitasta í vor.

42 Vince Vaughn og Jennifer.



26-27

ALVÖRU FÓLK

45 Listamenn framtíðarinnar.

46-47 Ástarsagan. Þorbjörg og Oscar eru alltaf saman.

48-49 Sirry segir. Að breyta vandamáli í tækifæri.

50-51 Au pair. Björg deitar í Lundúnum.

52-53 Guðrún Nielsen. Hress eldri borgari.

54-55 Valdi koppasali og Geir Ólafs söngvari eru félagar.

56-57 Sakamálasagan. Eltingarleikur dauðans.

58-59 Ræðukeppni Morfís.

60-61 Sægreifinn. Býr til bestu humarsúpu í heimi.

62 Tíu hlutir... Katrín Jakobsdóttir.

64 Spurðu vin þinn.

65 Skopmyndin.

66 Krossgáta vikunnar.

68 Hér & nú stúlkan.



11



20



13



NÝTT Á DVD!

KOMA Í VERSLANIR
OG Á LEIGUR
6. APRÍL

SAMMYNDIR



Bubbi Morthens slær ekki slöku við í kvennamálunum

MEÐ LEYNIKÆRUSTU Á

Ég tjái mig ekki um mín einkamál. Ég veit ekki hvað menn eru að blaðra þarna heima af því að ég er ekki á landinu, ég er í Prag," segir Bubbi Morthens aðspurður hvort hann sé kominn með nýja kærustu.

Samkvæmt nánum vinum kóngsins er hann að slá sér upp með stúlku þessa dagana. Stúlkan sú er víst gullfalleg. Á þrítugsaldri og með ljósa lokka, líkt og Brynja fyrrverandi eiginkona Bubba. Var stúlkan gestur Bubba á Idolinu í síðustu viku, sat uppi í stúku og fylgdist með

honum tjá skoðanir sínar á keppendum eins og honum einum er lagið. Þeir sem til þekkja segja að Bubbi hafi ekki farið með stúlkunni til Prag heldur verið þar einn til þess að slaka aðeins á. Þegar Hér & nú náði af honum tali sat hann á veitingastað og lá vel á honum enda nýbúinn að fá niðurstöðuna úr dómsmálinu gegn Hér & nú.

Betri með aldrinum

„Ég bara tjái mig ekk við Hér & nú. Það getur samt vel verið að mér renni reiðin og ég tali við ykkur í framtíðinni,“ sagði Bubbi

frekar léttur á því þar sem hann sat og snæddi í borginni fögru, 700.000 krónum ríkari. Bubbi Morthens verður fimmtugur í júní á þessu ári og það hefur oft verið sagt að það sé eins með hann og vínið, hann verður betri með aldrinum. Enda slógu tvær síðustu plötur Bubba allrækilega í gegn.

Náinn vinur ungu konunnar í lífi Bubba sagði Hér & nú að hún væri tvístígandi í sambandinu. Hún væri ekki viss hvort hún væri tilbúin í þennan fjölmiðlahasar sem fylgir því að vera á föstu með jafnumdeildum manni

og Bubbi Morthens er: „Allavega ekki alveg strax.“ Önnur vinkona segir hana fara fögrum orðum um nýja kærastann. Hann sé bara ósköp venjulegur maður sem detti í ákveðinn karakter í Idolinu.

Eftir skilnaðinn við Brynju fór Bubbi að slá sér upp með tannlæknum Kristínu Stefánsdóttur en upp úr því slitnaði fljótlega að sögn þeirra sem til þekkja. En hvað sem því líður, þá heldur Bubbi Morthens áfram að vera flottur, 700.000 krónum ríkari og með eina unga og gullfallega upp á arminn.

„Náinn vinur ungu konunnar í lífi Bubba sagði Hér & nú að hún væri tvístígandi í sambandinu. Hún væri ekki viss hvort hún væri tilbúin í þennan fjölmiðlahasar sem fylgir því að vera á föstu með jafnumdeildum manni og Bubbi Morthens er.“



Ríkari Bubbi fékk dæmdar 700.000 krónur í bætur í vikunni.

Nældi sér í tannlækni Eftir skilnaðinn við Brynju fór Bubbi að slá sér upp með tannlæknum Kristínu Stefánsdóttur en upp úr því slitnaði fljótlega að sögn þeirra sem til þekkja.

Brynja Gunnarsdóttir Var gift Bubba lengi en þau skildu á síðasta ári.



ÞRÍTUGSALDRI



Einn í Prag!

Einn í Prag Bubbi Morthens sat á veitingastað í Prag og vildi ekkert tjá sig um nýju kærustuna. Myndin er samsett

STJÖRNUFRÉTTIR

Batnar með aldrinum
Það hefur oft verið sagt að Bubbi verði betri með aldrinum en tvær síðustu plötur hans hafa slegið í gegn.

Gullfalleg Var stúlkan gestur Bubba á Idolinu í síðustu viku, sat uppi í stúku og fylgdist með honum tjá skoðanir sínar á keppendum, eins og honum einum er lagið.



NÝTT frá Futurebiotics

Eykur bremslu líkamans meðan þú hvíllist. Minnkar matarlyst. 3 hylki fyrir svefn. Fæst í apótekum, Fjarðakaupum og Hagkaupum Krínglunni

Futurebiotics

HÁGADA AMERÍSK FÆDUBÓTAREFNI



NÝTT frá Futurebiotics

Hindrar að líkaminn taki sykur og fin kolvetni úr fæðunni. 2 hylki fyrir máltíð. Fæst í apótekum, Fjarðakaupum og Hagkaupum Krínglunni

Futurebiotics

HÁGADA AMERÍSK FÆDUBÓTAREFNI

ELLEFU AF NÍTJÁN EIGA KÆRASTA

Stelpurnar
í Ungfrú
Reykjavík



Pað er engin skylda að þær séu það ekki, þetta eru fallegar stelpur og það er bara eðlilegt," segir Elin Gestsdóttir, framkvæmdastjóri keppinnar Ungfrú Ísland, um hátt hlutfall keppenda sem er á föstu. Ellefu af nítján stelpum í Ungfrú Reykjavík eiga kærasta og finnst mörgum það nokkuð hátt hlutfall. Einnig eru áberandi margar stelpur dökkhærðar.

Heldur Elin að það sé vegna Unnar Birnu? „Það er kannski skýringin á því, ég veit það ekki. Það er nú oft svoleiðis að liturinn á kjólnum er sá sami og hjá þeim sem vann árið áður, það er bara gaman að því," segir Elin sem er spennt vegna keppinnar sem fram fer í kvöld.

„Það er símakosning í gangi og fimm efstu vinna sér þátttökurétt í Ungfrú Íslandi. Dómnefndin er svo alveg óháð því vali og velur í þrjú efstu sætin. Það er nú yfirleitt þannig að helmingurinn úr þessari keppni fer í aðalkeppnina, enda er þetta allt Stór-Reykjavíkursvæðið.“


Dómnefndin er skipuð einvalaliði. Arnar Laufdal eigandi keppinnar, Dís í World Class, Sverrir Berg Steinarsson, Elin Gestsdóttir, að ógleymdum ofursjarmörnum Róberti Róbertssyni hjá Séð og heyrt.

„Þetta verður mikil sýning hjá stelpunum. Nanna Ósk Jónsdóttir, listrænn stjórnandi keppinnar, hefur samið frábært dansatriði og þetta verður mikið sjóv, get ég sagt þér.“

X = UPPTAKAR

Ungfrú Reykjavík Stelpurnar sem taka þátt ásamt Guðrúnu Ingu Torfadóttur aðstoðarþjálfara stelpnanna.

„...þetta verður mikið sjóv, get ég sagt þér“



Flottar Stelpurnar í Ungfrú Reykjavík eru einkar flottar í ár.

Góðar vörur, góð þjónusta, sanngjarnnt verð



...og þú
gengur að
gæðunum
vísum!



Dalvegi 4 • Sími 564 4700

Opið: Mánud.-föstud. 06:00 - 18:00, laug. 06:00 - 17:00, sunn. 07:00-17:00

Hamraborg 14 • Sími 554 4200

Opið: Mánud-laugard. 08:00 - 18:00, laug. 08:00-16:00, sunn. 09:00-16:00

Tommi á Hamborgarabúllunni

BYRJAÐUR MEÐ BÓKA- SAFNSFRÆÐINGI

Tómas Tómasson á Hamborgarabúllunni er kominn með nýja kærustu. Heitir hún Laufey Jóhannesdóttir og er bókasafnsfræðingur. Laufey vinnur í útlánadeild Þjóðarbókhliðunnar og vildi lítið tjá sig um samband sitt við Tómas þegar Hér & nú náði af henni tali.

Tómas var að opna nýjan stað uppi á Bíldshöfða og gengur víst rosalega vel hjá honum. Munu þau Tómas og Laufey vera flutt inn saman en sést hefur til þeirra víða um bæ. Tómas hefur löngum þótt mikill sjarmör og á meðal annars barn með Ingibjörgu Pálmadóttur, núverandi unnustu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Flottur Tommi hefur alltaf þótt mikill sjarmör.

Tómas Tómasson Opnaði nýjan stað uppi á Bíldshöfða og er kominn með nýja konu.

Ingibjörg Pálmadóttir Á barn með Tómasi á Hamborgarabúllunni.

Texti: Breki Logason

Fréttakonan Ólöf Rún
Skúladóttir að skilja
við eiginmanninn



Á jólaglöggi Ólöf Rún var glæsileg á jólaglöggi RÚV í desember.

Fréttakonan geðþekka Ólöf Rún Skúladóttir er að skilja við eiginmann sinn Sigurð Þór Ásgeirsson. Ólöf og Sigurður eiga fimm börn saman en þau hafa búið við Tjarnarflöt í Garðarbæ. Ólöf vildi lítið tjá sig þegar Hér & nú náði af henni tali í Þýskalandi. Þar ætla hún að dvelja næstu tvo mánuði og er í starfskynningu hjá þýskri sjónvarpsstöð en hún hefur unnið á fréttastofu Ríkissjónvarpsins undanfarin ár.

Samkvæmt nánnum vinum Ólafar ákvað hún að fara til Þýskalands til að gera skilnaðinn aðeins léttbærari, en hún býst ekki við að fara aftur inn á sitt gamla heimili.

Ólöf hefur lengi verið ein fremsta fjölmiðlana landsins. Byrjaði á RÚV en flæktist upp á Háls og starfaði á Stöð 2 um tíma. Síðustu misserin hefur hún hins vegar verið hjá Ríkisútvarpinu við mikla gleði áheyranda.

FARIN TIL ÞÝSKALANDS

STJÖRNU-
FRÉTTIR

Texti: Breki Logason

Sigurður Einarsson stjórnarformaður KB banka er sannkallaður stórlax

BYGGIR SÉR ÓÐALSSETUR Í NORÐURÁRDAL

„Samkvæmt teikningum ætla þau að reisa tæplega 500 fermetra íbúðarhús og 60 fermetra saunahús.“

STJÖRNUFRÉTTIR

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka, og eiginkona hans, Arndís Björnsdóttir viðskiptafræðingur, ætla að reisa sér óðalssetur á jörðinni Veiðilæk í Norðurárdal. Hafa hjónin sótt um leyfi til að byggja íbúðarhús, vélageymslu og saunahús á jörðinni. Samkvæmt teikningum ætla þau að reisa tæplega 500 fermetra íbúðarhús og saunahúsið verður 60 fermetrar. Það ætti því ekki að verða þröngt um þau í þessum húsakosti.


Laxveiðihlunnindi

Það ætti ekki að verða vandamál fyrir Sigurð að bjóða hinum bankakóngunum í laxveiði því samkvæmt arðskrár á jörðin Veiðilækur 7,5% hlut í Norðurá sem hefur um árabíl verið ein besta laxveiðiá Íslands. Ekki fer miklum sögum af veiðihæfileikum Sigurðar en hann ætti þó að geta krækt sér í lax í Norðurá. Í fyrra veiddust þar 2.682 laxar sem verður að teljast nokkuð gott.

Sigurður er sjálfur einn af stórlöxunum í íslensku viðskiptalífi og hafði tæpar 7 milljónir króna í mánaðarlaun í fyrra. Veiðileyfið í Norðurá er töluvert dýrt og er það varla á færi venjulegs fólks að fá að dýfa þar niður færi en veiðileyfið kostar um 50 þúsund krónur á dag, en einungis er hægt að kaupa þrjá daga í einu í ánni. Það á eflaust eftir að vera glatt á hjalla í saunabaðinu við Veiðilæk eftir vel heppnaða laxveiði eða jafnvel góða samningafundi í Norðurárdalnum.

Texti: Jón Mýrdal

Sigurður Einarsson
Einn af stóru kórlunum
í bankabransanum.



Norðurárdalur Sigurður ætlar að byggja húsið í þessum fallega dal.

Stjórnufréttamaðurinn Helgi Seljan komst í hann krappan þegar hann klessti á í Keflavík

Georg
gírlausi!

STÚTADÍ STÖÐVAR 2 JEPPI JEPPI JEPPI

„Skítt með mig og bílinn, ég þakka bara fyrir að konan er heil á húfi.“



Harkalegur árekstur Bílarnir köstuðust til við áreksturinn.



Á kanti í Keflavík Jeppi Stöðvar 2 endaði uppi á gangstétt eftir áreksturinn.



Bramlaður Benz Benz indælu konunnar var ekki sjón að sjá eftir áreksturinn.

Stjórnufréttamaðurinn Helgi Seljan kallar ekki allt ömmu sína. Honum var þó heldur betur brugðið á þriðjudagskvöld þegar hann klessti Stöðvar 2 jeppanum á Benz og endaði uppi á gangstétt í Keflavík. Helgi slapp betur en á horfðist með skurð á enni. „Það voru saumuð einhver spor í hausinn á mér,“ sagði stjórnufréttamaðurinn við Hér & nú skömmu eftir slysið.

Nýkominn frá Hjálmari

Helgi hafði nýlokið við að taka viðtal við Hjálmar Árna-

son, þingflokksformann Framsóknarflokksins, á heimili hans í Keflavík þegar áreksturinn varð. „Hann er kominn heim af heilsuhælinu. Hann sagði mér að hann væri breyttur maður eftir áfallið og var hinn brattasti.“

Það fyrsta sem Helgi hugsaði eftir áreksturinn var að konan í Benzinum væri heil á húfi. „Skítt með mig og bílinn, ég þakka bara fyrir að konan er heil á húfi.“

Fimm spor í ennið

Það er venjan að tókumaðurinn sitji undir stýri þegar farið er

á fréttaveiðar en svo var ekki í þetta skiptið. „Oddur tókumaður var með mér og hann er yngri en ég. Ég keyrði auðvitað. Maður lætur ekki yngri mann keyra.“

Helgi segist dauðfeginn að hafa ekki lent á rúðunni. „Ég skall utan í hliðarbitann og það kom smáskurður á ennið á mér. Fimm spor.“

Helgi sagðist feginn því að hafa ekki verið á sínum bíl í Keflavíkinni. „Hefði ég verið á Golfinum væri ég ekki að tala við þig í símann núna,“ sagði hann.

Breyttur eins og Hjálmar

Aðspurður kveðst Helgi ekki muna hvort konan sem hann keyrði á hafi þekkt sig af skjánum. „Ég man það bara ekki. Ég var svo vankaður eftir slysið. En hún var allavega voðalega indæl við mig. Alger eðalkona. Lögreglumennirnir og sjúkraflytningamennirnir voru líka voðalega almennilegir.“

En er Helgi breyttur maður eins og Hjálmar?

„Jú, ætli þetta hafi ekki staðfest fyrir mér að ég verð að fara að nota öryggisbelti,“ sagði stjórnufréttamaðurinn Helgi Seljan að lokum.



Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.
Útgefandi Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvínsson ábm.
Ritstjóri Breki Logason, breki@hognu.is.
Ritstjórn Brynja Björk Garðarsdóttir, brynjab@hognu.is, Jón Myrdal,
myrdal@hognu.is, Ragnar Pétursson, ragnar@hognu.is.
Hér & nú Skaffahlíð 24, 105 Rvík, sími: 550 5000.
Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjóm: 550 5075.
Netfang Ritstjóm: ritstjóm@hognu.is – Auglýsingar: auglysing-
ar@hognu.is. Umbrot 365 – prentmiðlar Hilmar Gunnarsson.
Prentvinnsla Isafoldarprentsmíðja. Dreifing Pósthúsið ehf.,
dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar
myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds.

Ég er ekkert fokkfés!

Ég var einn af þeim sem tók þátt í hinu svokallaða „delete cookies“ dæmi við kosningu á sjónvarpsmanni ársins fyrir nokkrum árum. Þá sigraði lítill, krullóttur og ógeðslega myndinn gaur sem kallaði sig Sveppi. Hann var uppáhaldssjónvarpsmaðurinn minn og stjórnaði uppáhaldspættinum mínum á lítt þekktri sjónvarpsstöð sem var í boði Pepsi og Doritos. Sveppi og Strákarnir eru ennþá uppáhaldssjónvarpsmennirnir mínir og missi ég helst ekki af þætti. Þeir hafa á frekar löngum ferli í sjónvarpi sífellt náð að endurnýja sig og haldið gríninu fernsku.

Tvisvar hef ég birt fréttir af Sveppa þar sem hann hefur verið staddur í spilavíti í útlöndum. Fyrst í Vegas með Eiði Smára og svo með Ölgerðinni í Slóvakíu. Eitthvað virðist þetta þó hafa farið fyrir brjóstið á uppáhaldssjónvarpsmanni mínum. Því ég heyrði hann segja í útvarpsviðtali í vikunni að ég væri asni og fokkfés.

Þá fór ég að hugsa og áttaði mig á því að í raun og veru eru allir fokkfés í augum einhverra. Starfsmenn Landsvirkjunar í augum náttúruverndarsinna, ríkisstjórnameðlimir í augum stjórnarandstæðinga, slúðurblóð í augum þeirra frægu og þeir frægu í augum þeirra minna frægu.

Þeir sem lenda í vakningu eða faldri myndavéi líta líklega á Sveppa og Strákana sem algjöra asna og fokkfés.

Sveppi kallaði mig asna og fokkfés í beinni útsendingu og það er allt í lagi. Hann má alveg segja sína skoðun á mér. Ég hugsaði samt bara með mér að þetta væri Sveppi eitthvað fúll yfir því að það væri fjallað um hann.

En er ég eitthvert fokkfés? Er ekki bara sjónvarpsmaðurinn fúll yfir því að aðrir fjölmiðlar ganga inn á hans einkalíf rétt eins og hann hefur haft viðurværi sitt af til þessa? Frægð Sveppa er ekki að öllu leyti honum sjálfum að þakka, heldur líka öðrum í kringum hann, sem núna virðast vera orðnir ekki bara asnar, heldur þaðan af verra, fokkfés!

Breki Logason



Páll Óskar í frí eftir Idolið

Idol-dómarrinn Páll Óskar Hjálmtýsson hefur farið á kostum í þriðju synru Stjörnuleitarinnar. Hittir hann oftar en ekki naglann á höfuðið með hnyttnum athugasemdu og tilsögn. Nú eru aðeins þrjár eftir í keppninni og ræðst annað kvöld hverjir tveir keppa til úrslita. Greinilegt er að það tekur á að vera Idol-dómari. Bubbi Morthens skelti sér til Prag í vikunni, Einar Bárðarson er alltaf í London, Sigga Beinteins er með söngskóla í Noregi og nú ætlar Páll Óskar að skella sér í frí. Hann er víst á leið í þriggja mánaða frí til Brasilíu, þar sem hann ætlar að slaka á eftir erfiðan vetur í dómarasætinu.

Á LEIÐ TIL BRASILÍU

Fyrirverandi Quarashi-meðlimurinn Ómar Swarez

BYRJADUR MEÐ DÓTTUR EINARS BOLLA



Fyrirverandi Quarashi-meðlimurinn og kvikmyndagagnrýnandinn Ómar Örn Hauksson er kominn með kærustu. Stúlkan heitir Svandís Dóra Einarsdóttir og er tuttugu og eins árs. Svandís er dóttir Einars Bollasonar, fyrirverandi körfuboltahefju og núverandi hestakóns. Ómar er nánast alveg hættur í rappinu og farinn að læra grafíska hönnun auk þess sem hann skellir sér í bíó upp á síðkastið. Hann þarf allavega ekki að fara lengur einn, því kærastan fer örugglega oft með honum.



SAMAN ÚT AÐ BORDA

Ásgeir Kolbeins dag-skrárgerðarkóngur á Sirkus er ekki við eina fjölna felldur í kvennamálum. Hann sést helgi eftir helgi með gullfallega konu upp á arminn og oft fer Gróa á Leiti á flug í kenningum um ástamál þessa fallega manns. Nú síðast sást Rauði turninn, eins og hann er stundum kallaður með hinni stórglæsilegu Halldóru Þorsteins, fyrr-



verandi ritstjóra Whamm á lífinu. Þeir sem höfðu samband við Hér & nú eftir að hafa séð þau saman töldu að hér væri nýtt sjóðheitt par á ferðinni. En í rauninni eru þau bara vinir. Þau ákváðu um helgina að gera sér dagamun. Fengu sér léttan kvöldverð saman og kíktu svo á Pravda í einn kaldan á eftir. Þau eru því, eftir bestu vitund Hér & nú, ennþá sjóðheit hvort í sínu lagi.



Íslenska stórfyrirtækið CCP fékk heldur betur líösstyrk á dögnum í útrás sinni þegar það kynnti kínverska útgáfu af EVE Online-tölvuleiknum í Kína. Sjálfur Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var fenginn til að ávarpa kínverska fjölmiðla á kynningunni. Þessi alíslenski risatölvuleikur hefur slegið rækilega í gegn í Ameríku og Evrópu og selst í

fyfir hundrað þúsund eintökum. Leikurinn malar þessa dagana gjaldeyrsgull beint í þjóðarkassann og því alveg sjálfsagt að forsetinn hjálpi til við að auka enn á gróðann, sem þegar er orðinn talsverður. Eins og fram kom í grein í Hér & nú fyrir tæpum mánuði eru líkur á að salan á leiknum tvöfaldist eða jafnvel meira ef Kinamarkaður tekur vel við sér.

HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU

Það var mikið um dýrðir í miðbænum um helgina. Á Hverfisbarnum mátti sjá FH-ingana **Tryggva Guðmundsson**, **Tommy Nielsen** og **Daða Lárusson** stíga tryllitan dans. Einnig mátti sjá poppstjörnu Íslands **Ingó** úr Idolinu, **Ásgeir Kolbeins** og **Pétur Jóhann Sigfússon** í góð stuði.



Á Prikinu mátti finna, eins og svo oft áður, **Dj Ellen** og **Dj Ernu** í hörkustuði. Þær stóllur héldu svo upp á við þegar leið á kvöldið. Á Ölstofunni mátti meðal annars sjá föffarana **Daniel Ágúst Haraldsson** og **Helga Seljan** fá sér einn kaldan. Einnig voru blaðamenn og menningar-mógúlar þar í hrókasamræðum eins og nær alla daga.



Á Kaffibarnum á föstudaginn var stjarna Íslands, **Ágústa Eva Erlendsdóttir**, með gosdrykk í hendi ásamt **Baltasar Kormáki**, **Ingvari E. Sigurðssyni** og félögum úr kvikmyndinni Mýrinni.



Á laugar-daginn var **Balti** svo mættur aftur á KB í góðum félagsskap. Það kvöld ars sást þar þeir **Björn Jörundur** og **Ómar** í Quarashi með nýju kærustunni sinni.

Konungur hnakkanna **Ásgeir Kolbeins** kíkti á Pravda með hinni glæsilegu **Haldóru Þorsteinsdóttur** blaðamanni og þar var mikið djamma eins og venjulega. Meðal annars sást til **Elisabetar Thoralcius** og fleiri glæsimeyja á svæðinu eins og endranær.

HRINGDU INN FRÉTT OG FÁÐU PENING

550 50 70

15.000 krónur kall!

Sástu einhvern frægan gera eitthvað fyndið? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Af hverju ekki að hringja í Hér & nú og fá smá pening fyrir fréttaskot? Fréttaskotssímsvarinn okkar er 550 50 70. Láttu í þér heyrta og þú gætir átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsiðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyrta.



FRÉTTASKOT hér & nú

Leik Höllin

Leikur og List

Íþróttanámskeið

7 mánaða - 6 ára

Tónlistanámskeið

4 mánaða - 6 ára

Listanámskeið

3 ára - 9 ára

Afmellisveislur

Leigdu Leikhöllina og settu afþreyingu fyrir barnið þitt!

Ungbarnanudd

Meðgöngujóga

www.leikhollin.is

Bæjarlind 14-16 Kópavogur

Sími: 517-7900

leikhollin@leikhollin.is

Póra og Völfi Snær

BEST AÐ

EIGA BÚSTAÐ Á

BAHAMAEYJUM



STJÖRNUFRÉTTIR

Þetta er ekkert stórmál, við erum rosalega dugleg að ferðast og ég var hjá honum núna í byrjun mars," segir Póra Sigurðardóttir um kærastann sinn Völla Snæ sem býr á Bahamaeyjum. „Það er tuttugu sinnum skárra að eiga sumarhús þarna en í Grímsnesinu. Þegar fólk er að gera grín

að mér sýni ég bara myndir af húsinu eða ströndinni," segir Póra sem er á leiðinni í sumarfrí. „Stundin er alltaf út apríl og svo tökum við eitthvað upp fram í tímann.“

Póra og Völfi ætla að gifta sig í sumar. „Það verður að öllum líkindum á Íslandi og við erum svona aðeins byrjuð að skipuleggja.“

Íslensku Beckham-hjónin



SAMAN Á ÍSLANDI

Íslensku Beckham-hjónin, Garðar Gunnlaugsson og Ásdís Rán Gunnarsdóttir, eru nú sameinuð á ný. Garðar hélt út til Skotlands til að leika knattspyrnu með Dunfermline fyrir hálfu ári. Gerði hann átján mánaða samning við skoska

liðið en er nú á leið aftur í Val. Hafa þau Garðar og Ásdís Rán því búið í fjarbúð síðasta hálfu árið, en það virðist nú vera á enda. Mun Ásdís Rán því geta horft á kærastann skora mörkin fyrir Hlíðarendapítla í sumar.

ÁGÚSTA JOHNSON
EINKARITARI DAVÍÐS



Það bregður mörgum í brún þegar reynt er að ná í forsætisráðherrann fyrrverandi Davíð Oddsson niðri í Seðlabanka. Erfitt er að ná í Davíð og þarf að sjálfsögðu að fara fyrst í gegnum einkaritara bankastjórans. Sú heitir Ágústa Johnson, eins og líkamsræktardrottningin. Hafa sumir ruglast og hugsað með sér að Guðlaugur Þór, eiginmaður Líkamsræktar-Ágústu, hafi kippt í nokkra spotta innan Sjálfstæðisflokksins. En staðreyndin er sú að einkaritari Davíðs hefur, að því er best er vitað, lítill tengsl við líkamsræktarstöðvar, heldur svarar í staðinn í símann fyrir sjálfan Davíð Oddsson.


Úrslitapáttur Idolsins

FJÓRIR MIÐAR FYRIR NYLON

Stelpurnar okkar sem eru að meika það í útlöndum koma brátt hingað til lands. Munu þær taka upp myndband á næstu dögum við eitt af lögnum sem er að slá í gegn. Einnig ætla stelpurnar að vera viðstaddir lokapátt Idolsins sem fram fer

í Smáralindinni eftir rúma viku. Stelpurnar munu svo hita upp fyrir stórhljómsveitina Westlife í Bretlandi. Það verður gaman að sjá stelpurnar á úrslitakvöldi Idolsins, og vonandi að þær taki eins og kannski eitt lag.

**100%
Nylon!**



Sigurður Einarsson stjórn- arformaður KB banka

FÉKK VÍRUS Í DANMÖRKU



Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka, sló á létta strengi á aðalfundi Bakkavarar í síðustu viku. Hélt hann smá tölu og tóku fundargestir eftir að hann var nokkuð rámur í röddu. Hann útskýrði þó að raddvandamálið hefði dúkkað upp eftir dvöl hans í Danmörku, hann hefði fengið vírus þar í landi. Uppsakar hann nokkurn hlátur enda hefur gagnrýni á íslensku bankana aðallega komið frá frændum okkar Dönun.

PINK VAR HERÓÍN- FÍKILL

Missti þrjá
vini úr eitur-
lyfjaneyslu:

Söngkonan umdeilda Pink hefur greint frá því að hún hafi eitt sinn verið heróínneytandi. Söngkonan byrjaði að nota eiturlyf um þrettán ára aldur þegar foreldrar hennar skildu og hætti því árið 1995. Samkvæmt heimildum blaðsins The Sun sagði Pink að heróín væri hræðilegt.

„Ég hef séð hvað það getur gert fólki og það er ekki fallegt. Ég var þó aldrei það háð því að ég þarfnadist meðferðar,“ sagði hún alvarleg í bragði.

„En ef við eigum að ræða eiturlyf, þá bara nefndu það, ég hef tekið það. Ég missti þrjá vini úr heróínneyslu.“

Varðandi kollega sinn Pete Doherty sagði dývan: „Það lítur út fyrir að hann líti á þetta sem sitt rokk og ról. Það er sorglegt.“

Af fenginni reynslu held ég að fólk sé að leita að einhverju öðru. Í samböndum, eiturlyfjum og í raun öllu. Stundum þegar lífið er fullt af sársauka veita eiturlyfin þér frið.“

NÝR RASS Á PENELOPE

Leikkonan íðlfagra Penelope Cruz varð að klæðast gervirassi fyrir nýjasta hlutverk sitt eftir að leikstjórninn ákvað að hún væri ekki nægilega bústin. Stjórnendur myndarinnar sögðu leikkonunni að hún yrði að vera með stærri rass til þess að leika húsmóður í nýjstu mynd sinni *Returning*. Svo Penelope fékk sérsamaðan gervirass fyrir myndina, er greint frá í *The Mirror*.

Talsmaður kvikmyndafyrirtækisins sagði: „Hlutverk Penelope krafðist þess að hún væri talsvert bústnari og með stærri rass þannig að við ákváðum að útvega henni stóran rass.“

Að eigin sögn líkaði leikkonunni svo vel við nýja rassinn sinn að hún grátbað stjórnendur myndarinnar um að fá að eiga hann.

STJÖRNU-
FRÉTTIR

Tútturnar á Jordan eiga sér sögu:

JORDAN VILL ENN STÆRRI BRJÓST



Brjóstin á fyrirsætunni virðulegu Jordan eiga sér merkilega sögu...

Hún hefur farið í fjórar brjóstastækkunar hingað til en nú vill Jordan láta stækka brjóstin enn frekar.

Jordan, sem er tveggja barna móðir og heitir í raun Katie Price, segir að móðurhlutverkið hafi haft í för með sér þá leiðinlegu fylgikvilla að brjóst hennar hafa sigið talsvert.

„Ég er mjög grönn og með brjóst sem eru mér ekki náttúruleg,“ sagði fyrirsætan í viðtali við bandarískt tímarit.

En að minnka brjóstin kemur ekki til greina.

„Ég skil samt ekki af hverju fólk talar um að ég sé með FF-stærð. Ég er aðeins í 32DD. En það er erfitt að finna kjóla sem passa mér,“ bætti hin íturvaxna Jordan við.

Talsmaður Jordan staðfesti hugleiðingar hennar um fimmtu aðgerðina.

„Hún vill svo sannarlega að brjóst hennar verði stinnari enda er hún búin að eignast tvö börn. En það gerist ekki fyrr en hún finnur sér tíma til þess að fara í aðgerðina.“



Hildur Hermannsdóttir er undirfatamódel sem langar í útvarpsbransann

Vonandi gengur þetta bara vel," segir Hildur Hermannsdóttir sem tekur þátt í keppninni um næstu útvarpsstjörnu Íslands á Kiss fm. Hún er komin í tíu manna úrslitin og spreytir sig á föstudaginn í þeim. Útvarpsstjarna Íslands verður svo krýnd þann 7. apríl.

„Ég hef mjög mikinn áhuga á að vinna í útvarpi sem ég hef eiginlega ekkert gert áður. Bara eitthvað svona unglingaútlit á vegum félagsmiðstöðvar," segir

Hildur og hlær.

„Þetta er náttúrulega þínulítið stressandi en mjög gaman. Allt takkavesenið er það erfiðasta en ef maður er vel undirbúinn er þetta ekkert mál," segir Hildur sem hefur mikið unnið sem fyrirsæta undanfarin ár.

„Ég hef verið hjá Hagkaupum í fjögur ár sem hefur eiginlega verið mín aukavinna. Þar er mjög fínt að vera, vel borgað og gott starfsfólk," segir Hildur sem hefur helst verið í undirfötunum í

bæklingi Hagkaupa.

Færðu þá ekki mikla athygli hjá strákunum?

„Veistu það að ég lít allt öðruvísi út dagsdaglega og fólk verður mjög hissa þegar það heyrir að þetta sé ég," segir Hildur og skellihlær. Hildur er á lausu og segist ekkert sérstaklega vera að leita sér að kærasta. Hún starfar í tiskuvörversluninni Centrum í Kringlunni og er greinilega mjög spennt yfir keppninni um næstu útvarpsstjörnu Íslands.

„Veistu það að ég lít allt öðruvísi út dagsdaglega og fólk verður mjög hissa þegar það heyrir að þetta sé ég."

NÆSTA ÚTVARPSSTJARNANNA ÍSLANDS



Hildur Hermannsdóttir
Langar að fara í útvarpið.



Útvarpsstjarna Hildur
hefur mikinn áhuga á
að komast í útvarpið.

FALLEGUR LÍKAMI

er stolt hverrar konu



Fyrir brjóst,
upphandleggi og háls

100% náttúruleg gel
sem gera líkama þinn
unglegri, stinnari og mýkri.



Fyrir andlit

Ítalska jurtavöruvirkirækið Ervavoglio hefur sérhæft sig í náttúrulegum lausnum til að gera húðina stinna og gefa henni aukna lyftingu og frískleika. Gelin hafa verið rannsökuð og virkni þeirra staðfest af háskólanum í Pavia á Ítalíu.




Fyrir rasskinnar,
læri og maga

SODO gelin eru unnin úr 100% náttúruvefnum og jurtum sem vinna að því að súrefnismetta húðfrumurnar, endurheimta þéttleika vefjanna og gera húðina stinnari, unglegri og mýkri.

Sodo®

 Lyf & heilsa

HAGKAUP
Stærstefagast að versla

 plús póðik

SODO gelin fást líka í heiluvörubúðum, smyrkstofum og sölubaðsstofum. www.karon.is

Helga og Lilli
Hafa verið saman í
brúðubílnum í 25 ár.

„Mínir áhorfendur eru gáfaðir og kröfuharðir, þeir bíða ekki eftir krítíkinni heldur dæma þetta bara sjálfir.“

**HVAÐ
ER AÐ
FRETNA?**

LILLI FÆR EKKERT

Helga Stephensen er að hefja tuttugasta og sjötta starfsár Brúðubílsins



Skemmtilegt Helga kennir krökkunum að vera góð við blómin.



Flottar brúður Helga Stephensen þarf að gera nýjar brúður fyrir hvert leikrit.



**Brúðu-
mamman!**

Kokkur Brúðubíllinn verður á fullu í allt sumar.

Ég er að hefja tuttugasta og sjötta starfsárið í Brúðubílnum. Ég byrja alltaf að semja handrit í janúar og febrúar og svo sýni ég á hverjum degi í júní og júlí," segir Helga Stephensen, gjarnan kennd við Brúðubíllinn. Hún starfar einnig við annað brúðuleikhús, Leikbrúðuland, og hefur verið að sýna Selinn Snorra í leikskólum og skólum í vetur. „Svo hef ég líka verið að sýna Núma og höfuðin sjö á vegum Landsbjargar. Það er leikrit upp úr bók eftir Sjón þar sem við kennum börnunum forvarnir og allt mögulegt á skemmtilegan máta," segir Helga og bætir við að gaman sé að vera í starfi sem einnig er áhugamál.

Brúðuleikhús í 32 ár

Helga hefur gaman af því að starfa með börnum enda gert það lengi. „Ég er með bíl sem ÍTR skaffar og fer á milli opinna svæða og gæsluvalla. Svo þarf að búa til nýjar brúður fyrir ný leikrit, en svo held ég alltaf þeim sem eru vinsælar," segir Helga og nefnir þar aþann Lilla. „Hann er bara ennþá fimm ára með snuð, aumingja Lilli, hann fær ekkert að fullorðnast," segir Helga og hlær.

„Hann getur ekki lært litina. Hann er búinn að reyna það í 25 ár en Brúðubíllinn átti afmæli í fyrra," segir Helga sem byrjaði með brúðuleikhúsi árið 1974. „Kannki lifi ég þrítugsafmælið af," segir Helga og hlær.

Gáfaðir áhorfendur

Það eru fleiri karakterar sem hafa lifað lengi í Brúðubílnum hjá Helgu. „Dúskur, sem er trúður, er alltaf vinsæll og svo Úlfurinn sem er hrekkjóttur og hæfilega grimmur.

Ég held mig aðallega við að kenna krökkunum allt það sem er gott. Að vera góð við hvert annað, blómin og dýrin, en samt á skemmtilegan hátt. Það er svona hæfilegur skammtur af öllu. Söng, sögu og svo alltaf smá spenna," segir Helga en áhorfendur hennar eru allt niður í eins árs gamlir.

„Mínir áhorfendur eru gáfaðir og kröfuharðir, þeir bíða ekki eftir krítikinni heldur dæma þetta bara sjálfir."

Lilli í „facelift“

Helga segist sjá á brúðuleikhúsmótum erlendis að það sé mikið af gömlu fólki í þessu. „Það heldur sér svo ungu af því að þetta er svo skemmtilegt starf."

En hvernig er það með hann Lilla, lifir hann bara allt af?

„Hann er nú búinn að fá mörg „facelift“ og ég tek hann í gegn svona annað slagið. Það er alltaf sama undirstaðan en ég hef margoft lagað hann til. Hann mætti samt ekkert breytast því þá tækju krakkarnir eftir því," segir Helga sem er ekki bara með brúðuleikhúsið í Reykjavík. „Ég hef alltaf farið hringinn í kringum landið og sýni í öllum kaupstöðum og þorpum. Við erum tvær í þessu, enda er hægt að gera svo miklu meira tvær."

AÐ FULLORÐNAST

NÝI ÖKUSKÓLINN

Öll vinnuvélaréttindi
Öll ökuréttindi
Skapaðu þér þitt
eigið góðæri



Nýi ökuskólinn **et** húsinu Klettagördum 11

S: 588-4500 www.et.is

LÍFSSTÍLL

Klár
strákur!

Haukur úr Ástarfleyinu:

Þetta var eitthvað sem var nauðsynlegt að gera því þetta er í rauninni mjög áhugaverð hefð og saga á bak við Þjóðhátíð í Eyjum,“ segir Haukur Sigurbjörnsson sem er þekktastur fyrir að hafa tekið þátt í raunveruleikaþættinum Ástarfleyinu. Haukur er þó ekki bara sjónvarpsstjarna því hann er við nám í Kvík-myndaskóla Íslands og er ásamt bróður sínum Hjalta Sigurbjörnssyni og Pétri E. Gunnarsyni að vinna að heimildarmynd um Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.

„Myndin heitir Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, 131 blys og er tekin upp

á Þjóðhátíð á síðasta ári og inniheldur einnig brot frá fyrri Þjóðhátíðum allt frá árinu 1950. Hún verður væntanlega tilbúin í byrjun sumars,“ segir Haukur en hann vinnur með skólanum sem tókumaður fyrir Sirkus Rvk.

„Nafnið á myndinni, 131 blys, er tákn fyrir hverja Þjóðhátíð sem haldin hefur verið, sem sagt Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum hefur verið haldin í 131 skipti allt frá árinu 1874,“ segir hann enn fremur.

„Það gengur bara vel í skólanum og ég hef mikinn áhuga á því sem ég er að gera þessa dagana,“ segir Haukur hress að lokum.

Haukur Sigurbjörnsson Gerir heimildarmynd um Þjóðhátíð.

GERIR HEIMILDARMYND UM ÞJÓÐHÁTÍÐ Í VESTMANNAEYJUM

Þjóðhátíð Hefur verið haldin í Vestmannaeyjum frá 1874.



Fallegur kjóll

Elín Hirst var enn glæsilegri þegar hún var farin úr yfirhöfninni.

**Sjónvarps-
stjörnur!**



Alltaf glæsileg Guðmundur Magnússon og Jóhanna Vígdís Hjaltadóttir.



Alltaf glæsileg Brynja Nordquist og Þórhallur Gunnarsson eru með glæsilegustu þörum landsins.

Langflottastar

Kastjósivinkonurnar Jóhanna Vilhjálmisdóttir og Ragnhildur Steinunn voru stórglæsilegar.

Árshátíð RÚV var haldin í Súlnasalnum um helgina

STELPUARNAR ÚR KASTLJÓSINU VORU LANGFLOTTASTAR



Litríkt bindi
Bogi Ágústsson
og Jónína
María Kristjáns-
dóttir eiginkona
hans brostu
sínu breiðasta.



Fréttastjórinn Elín Hirst
ásamt eiginmanni sínum
Friðriki Friðrikssyni.

Árshátíð Ríkisútvarpsins fór fram í Súlnasal Hótel Sögu um síðustu helgi. Ekkert var til sparað og kvöldið hið glæsilegasta. Sjónvarps-
sjórurnar á RÚV skemmtu sér konunglega og voru hver annarri glæsilegri. Elín Hirst vakti sérstaka athygli fyrir stór-glæsilegan rauðan kjól sem hún klæddist en Ragnhildur Steinunn úr Kastljósinu var einmitt líka í rauðu. Það var síðan stórsveit RÚV sem lék fyrir dansi. Hljómsveitin er breytileg

eftir árshátíðum en að þessu sinni var það útvarpsmaðurinn Freyr Eyjólfsson sem fór fyrir sveitinni. Ágúst Bogason útvarpsmaður og meðlimur Jan Mayen var í bandinu auk þess sem Ingi Þór tækni maður lék á trommur, Ása Briem lék á píanó og Egill tækni maður spilaði á gítar. Lék sveitin þessa helstu slagara áður en hljómsveitin Vax spilaði fram eftir nóttu. Það var íþrótafréttamaðurinn knái Samúel Örn Erlingsson sem stjórnaði veislunni.

Texti: Breki Logason H&N-myndir: Daniel



Sumarlegar María Sigrún Hilmarisdóttir fréttakona og Eyrún Magnúsdóttir úr Kastljósinu voru sumarlegar.



Töffarar Ágúst Bogason og Einar Baldvin Arason klippari.



Fyndinn Pálmi Gestsson og Sigurlaug Halldórsdóttir létu sig ekki vanta.



Beint að norðan Gestur Einar Jónasson og Elsa Björnsdóttir eiginkona hans komu að norðan.



Handboltakappinn Geir Sveinsson unnsti Jóhönnu Vilhjálmisdóttur úr Kastljósinu mætti í jakkafötunum.



Í lagi með þetta Fréttamaðurinn G. Pétur Matthíasson kannar hvort glösin séu ekki hrein.

Forsetinn og frúin eru alltaf flott á því

BUDU Í GALABOD



**Iðnaðar- og viðskipta-
ráðherrann** Valgerður
Sværisdóttir og Arvid Kro
eiginmaður hennar.



**Samgönguráðherr-
ann** Sturla Böðvarsson
og Hallgerður Gunnars-
dóttir eiginkona hans.



Félagsmálaráðherrann
Jón Kristjánsson og Margrét
Hulda Einarsdóttir mættu í
hátiðarkvöldverðinn.



Heilbrigð Siv
Friðleifsdóttir
var stórglæsi-
leg að vanda.

Glæsilegheit!



**Umhverfisráðherr-
ann** Sigríður Anna
Þórðardóttir skartaði
fögurum pels.

Herra Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff héldu hátiðarkvöldverð á Bessastöðum á föstudaginn. Var ríkisstjórninni boðið, erlendum sendiherrum á Íslandi, stjórnendum æðstu stofnana og forystumönnum í þjóðmálum. Mætti fólk í sínu finasta þússi og hélt Ólafur meðal annars magnaða ræðu. Halldór Ásgrímsson hóf einnig upp raust sína við frábærar undirtektir. Umhverfisráðherrann Sigríður Anna Þórðardóttir þótti einkar glæsileg þetta kvöldið og Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, var flottur eins og venjulega. Annars var maturinn fyrsta flokks eins og að vanda á Bessastöðum.



Sýslumaðurinn Jóhann R.
Benediktsson og Sigríður Guðrún
Guðmundsdóttir mættu eldhress.



Sendiherrann Carol
van Voorst sendiherra
Bandaríkjanna á Íslandi.

Skáluðu í
Bollinger!

Á BESSASTÖÐUM



**Dóms- og kirkju-
málaráðherrann**
Björn Bjarnason og Rut
Ingólfssdóttir létu sig
ekki vanta.



Forsætisráðherrann
Halldór Ásgrímsson og
Sigurjóna Sigurðardóttir
voru stórglæsileg.

MATSEÐILL

**hátiðarkvöldverðar
á Bessastöðum
24. mars 2006**

Vestfirskur línuþorskur
undir kryddjurtahjúpi,
með melónu og furuhnetum

Andabringa
frá Krókum í Hvalfirði
með steiktri andalífur
og krydduðum perum

Engifer-skyr
með eplakrapi og karamellusósu

Champagne Bollinger, Special
Cuvée, Frakkland

Spice Route, Chenin Blanc,
Suður-Afrika, 2001
J. Lohr, Paso Robles Merlot,
California, 2002

Bessastaðir Forseti bauð til
hátiðarkvöldverðar á Bessastöð-
um fyrir ríkisstjórn, erlenda sendi-
herra, stjórnendur æðstu stofnana
og forystumenn í þjóðmálum.

Eyþór Arnalds segir sögu frá árunum með Todmobile

SMELLI HNÉSKELINNI AFTUR Í...

Með axlaböndin
Eyþór í miklum gir á
Todmobile-árunum.

Þetta er svona sjúkrasaga frá árinu 1990 þegar Todmobile fór hringinn í kringum landið,“ segir Eyþór Arnalds, stjórnmaður og fyrrverandi sellóleikari í Todmobile, um Bransasöguna að þessu sinni. „Við ætluðum sem sagt að spila á tónleikum víða um land og byrjuðum í bíóinu á Akranesi. Tónleikarnir fóru rólega af stað og ég var bara að spila á sellíð standandi eins og svo oft áður,“ rifjar Eyþór upp og greinilegt er að eitthvað óvænt er í aðsigi.

„Svo er ég eitthvað að snúa mér við og geri það frekar snögg. En vinstri löppin var ekki eins fljót og restin af mér þannig að hnéskelinn féf út á hlið, ég datt og sellíð með,“ segir Eyþór.

„Þá þurftu að vera snör handtök því ég lét þetta ekki trufla tónleikana og smelli því hnéskelinni aftur í, sem á víst ekki að gera. Ég stóð svo upp á hinni löppinni og kláraði tónleikana,“ segir Eyþór en hann datt út í einu lagi á meðan hann var að smella skelinni á réttan stað. „Porvaldur skildi ekkert í því af hverju ég datt út úr þessu lagi,“ segir hann og hlær.

„Eftir tónleikana var löppin svo bólgin að það þurfti að klippa af mér buxurnar með skærum. Síðan fór ég upp á spítala og var í svona tvö ár að jafna mig,“ segir Eyþór sem þó var heppinn að eigin sögn. „Maður getur víst orðið haltur eftir svona, en ég slapp.“

Eyþór var einn heitasti rokkari landsins á þessum tíma og segir það hafa verið algjört lyklatríði að klára tónleikana. „Það er þekkt í þessu öllu saman að „the show must go on,“ segir Eyþór Arnalds kokhraustur að lokum.

Nýja kærastan
Dagmar Önn
Ólafsdóttir og
Eyþór Arnalds.




Todmobile Porvaldur
Bjarni og Andrea Gylfa-
dóttir í miklum gir.

Eyþór Arnalds
Er nú orðinn stjórn-
málamaður í Árborg.

**„Það er þekkt í
þessu öllu saman
að „the show
must go on“.“**

 **BRANSASAGAÐAN**



Vorvörurnar eru komnar í hillur H&M, uppáhaldsverslunar Íslendinga í útlöndum, og fataslárnar svigna undan léttum skyrtum, hnésíðum buxum og röndóttum bolum.

VORIÐ ER KOMIÐ Í H&M

Rómantikin ræður ríkjum hjá hönnuðum H&M þetta vorið og leita þeir innblásturs í upphaf síðustu aldar. Þá gengu allir í skyrtum og er það flik sem allir verða að eiga í vor, annað hvort með kraga eða kraga-lausa.

Fyrir utan góða skyrtu verða allir að eiga góðar gallabuxur eða hnésíðar bermúdabuxur, sem koma sterkar inn þetta vorið, en einnig verður hægt að fá ýmiss konar ökklabuxur hjá verslanakeðjunni. Þá verða í hillunum víð pils sem passa jafnt við opna sandala og háa hæla fyrir aðeins finni tilefni.

Eitthvað eimur eftir af Afríkustílnum sem var vinsæll hjá hönnuðum H&M í fyrra og eru afrísk mynstur þrykkt á boli og skyrtur, en það passar vel við klassísk safaríföt úr ljósu eða grænu kakí. Sjóliðastíllinn birtist á hverju vori og er árið í ár engin undantekning, en nú er mismunandi röndóttum flikum blandað saman.

Langir og mjóir hálsklútar verða einnig heitir í sumar og skartið er annað hvort fínlegt og kvenlegt eða stórt og groddalegt. H&M lofar svo góðu úrvali af hárskrauti með vorinu og að venju verður nóg af beltum og töskum að finna í verslununum.

Gallabuxur með axlaböndum Er það nýjasta hjá H&M.

LÍFSSTÍLL



Snyrtivörudeildin í H&M
Er komin í vörðin og náttúru-
leg förðun er málið í sumar.



Skyrtan verður aðalflík sumarsins

Ásamt hnébuxunum en hvort tveggja mun fást í ýmsum útgáfum hjá H&M.

Langir hálsklútar

Halda velli í sumar.

Sjóliðarendurnar

Komast í tísku á hverju vori. Í ár er málið að blanda mismunandi röndóttum flíkum saman.

Rómantik Að sjálfsgöðu klikkar H&M ekki á rómantikinni í sumar heldur hengir smárósotta kjóla á fataslámar.

„MAÐUR BARA BROSTI OG GERÐI SITT BESTA“

Ánægður með stelpuna sína Haukur Ármannsson.



Heitar!



Heitar Stelpurnar voru kynþokkafullar á sundfötum.

Pær hafa löngum verið sagðar fallegar, stúlkurnar á Vesturlandi, og á því varð lítil breyting um helgina. Aldís Arnardóttir var kjörin ungrú Vesturland. Stúlkurnar þóttu allar stórglæsilegar og urðu þær Elísa Guðrún Elísdóttir og Lilja Hlín Ingibjargardóttir í öðru og þriðja sæti.

„Nei, ég átti ekki von á þessu, þetta kom mér

skemmtilega á óvart,“ sagði Aldís þegar Hér & nú náði tali af henni eftir keppnina. „Mér fannst það reyndar skrýtið hvað ég var voðalega róleg yfir þessu öllu saman,“ bætti hún við en Aldís segir keppnina hafa verið skemmtilega reynslu og ekki mikið stress á lokakvöldinu.

„Maður bara brosti og gerði sitt besta.“



Glæsileg Lilja Hlín Ingibjargardóttir var stórglæsileg og vel að þriðja sætinu komin.



Kroppar Stúlkurnar hafa æft stíft að undanförmu og það hefur skilað sér vel enda eru þær þrusukroppar.



Í öðru sæti Elísa Guðrún Elísdóttir var sátt með annað sætið.

Aldís Arnardóttir valin ungfrú Vesturland:



Tvær flottar Ingunn Sigurpálsdóttir og Elín Gestsdóttir voru flottar á keppninni.

Brosað í gegnum tárin Aldís Arnardóttir komst við þegar hún var krýnd ungfrú Vesturland árið 2006.



Níundi úrslitabáttur Idol - Stjörnuleitar fór fram á föstudag:

ENN FÆKKAR Í STJÖ



Vel merkt
Ragnheiður Sara á marga aðdáendum.

Studdu hvíta kónginn Þessir strákar voru flóttir á því og sýndu stuðning sinn við Snorra.



Sönn stjarna Ina var ljósmynduð í bak og fyrir eins og sönn stjarna.

Frábærir söngvarar!

Flottur kaggi
Briet Sunna er ánægð með nýja Golfinn sinn.



Áfram Sara! Ragnheiður Sara datt út að þessu sinni en hún átti nóg af aðdáendum í salnum.



Áfram Briet! Þessar stelpur voru með það á hreinu með hverjum þær héldu.



Á Glerártorgi Krakkarnir voru mættir á Akureyri til þess að árita myndir og sinna aðdáendum.



Mikið að gera Krakkarnir í Idol - Stjörnuleit höfðu varla undan að skrifa eiginhandarátitanir á Akureyri.



Flott Briet Sunna var glæsileg á Akureyri og vakti athygli norðlensku strákanna.

STJÖRNULEITINN



Í níunda úrslitabætti Idol - Stjörnuleit-
ar varð Ragnheiður Sara að lokum
að taka pokann sinn þrátt fyrir fína
frammistöðu í keppninni. Ragnheiður
átti marga aðdáendur en það dugði
henni þó ekki til í þættinum á föstudag-
inn. Bríet Sunna þótti standa sig með
afbrigðum vel og var henni klappað lof í
lófa eftir flutninginn á laginu Always on
my mind með kónginum sjálfum Elvis
Presley.

Þemað í þættinum var einmitt
bandarísk popp- og kántrilög og þótti
hópurinn standa sig fantavel á sviðinu.
Krakkarnir skruppu til Akureyrar að
sinna aðdáendum sínum og gefa eig-
inhandararitani og eins og myndirnar
sýna var nóg að gera hjá þeim. Spenn-
an eykst í Idol - Stjörnuleit með hver-
jum þættinum og nú fer að líða að því
að við fáum að vita hver verður næsta
Idolstjarna Íslands.

Studdu sína stelpu

Fjölskylda og vinir
Ragnheiðar Söru voru
mætt til þess að styðja
stelpuna sína.

Eitt lag enn Sigga
Beinteins var flott í
Smáralindinni.

Það var nóg að gerast um helgina og kíkti Hér & nú meðal annars á Idolkeppni starfsmanna Landsbankans þar sem þrælhressir starfsmenn brugðu sér í allra kvikinda líki og svo á tónleika með söngkonunni Lisu Ekdahl í Háskólabíói. Þóttu tónleikarnir heppnast afar vel og var leikið fyrir fullu húsi.

HELGIN MEÐ HER & NÚ



Hommi og Nammi Þessir tveir mættu í gervi fylgisveina Silvíu Nóttar, Homma og Namma.



Tvær flottar Þær Andrea Jónsdóttir og Rósa Guðmundsdóttir voru glæsilegar á tónleikum Lisu Ekdahl í Háskólabíói.

KARÓKÍ OG KANÓNUR



Sætar Þessar stelpur voru sætar í Idolkeppni Landsbankans.



Hress Það var hress stemning á Idolkeppninni



Frábær tónlistarmaður Lisa Ekdahl þótti sýna frábær tilbrif á sviðinu og heppnuðust tónleikarnir vel.



Sátt með tónleikana Hrafnhildur Halldórsdóttir útvarpskona á Rás 2, Ardis Björg Ásgeirsdóttir á Rás 1, Georg Magnússon og Guðrún Gunnarsdóttir voru ánægð með flutning Lisu Ekdahl.

www.salonbronze.is

Airbrush brúnkusprey til heimilisnota



**Salon
Bronze™**

- Virkar strax
- Endist í 7-10 daga
- Náttúruleg brúnka, falleg og jöfn



Líttu vel út í skammdeginu

Skammdegispunglyndið fer brátt að renna af þjóðinni. Vorið fer að koma og allar stelpur eru farnar að hugsa um sumartískuna. Pilsin hafa alltaf verið vinsæl og nú eru það svokölluð blöðrupils sem slá í gegn.

BLÖÐRUPILSIN ERU MÁLIÐ Í VOR




Skokkur

Þessi skokkur er frá Peter Som en efnið leggst fallega eins og vera ber á blöðrupils. Þessi tíska er sérlega góð fyrir grannar stúlkur en sniðið þykir gefa drengjalega vöxnum stúlkum vöxt.

Villt Betsey Johnson notar mikið af skærum og fallegum litum í fötin sín og hérna er ein fyrirsætan í fallegu blöðrupils við sumarlegan skærgulan topp. Toppurinn gefur pilsinu þetta litla „extra“ sem þarf til þess að fullkomna lúkkið.



Nú hafa flestir hönnuðirnir kynnt vor- og sumartískuna og sýnist sitt hverjum um nýjasta móðinn. Það sem er algerlega málið í vortískunni í ár eru blöðrupils en þau draga nafn sitt af sniðinu sem liggur í svokölluðu blöðru- eða perulagi og eru pilsin sérstaklega víð og skemmtileg. Sniðið þykir draga fram kvenlegar línur og ýkja vöxtinn fallega. Bæði er sniðið notað í kjóla sem og pils en hvort tveggja var áberandi á sýningarpöllum í vor.



Glamúr Hér er annar blöðrukjöll frá Peter Som en hann virðist hrifinn af sniðinu. Efnið er glæsilegt og glamúrur og þessi kjöll er kjörinn í partið eða á árhátíðina. Dæmi um heitustu tískuna fyrir vorið.

LÍFSSTÍLL

Glæsilegt Þessi glæsilegi og elegant kjöll frá Donnu Karan er með fallegu blöðrusniði og gerir mittið á fyrirsætunni grannt og flott. Donna Karan er þekkt fyrir stílhreina og fallega hönnun og þessi kjöll er engin undantekning.

Jennifer Aniston og Vince
Vaughn á leið upp að altarinu:

TRÚLOFUÐ OG HAMINGJUSÖM

Flottasta
parið!

Leiknonan kynþokkafulla Jennifer Aniston og leikarinn Vince Vaughn eru samkvæmt tímaritinu Grazia trúlofuð og á leið upp að altarinu en þau hafa verið saman í nokkurn tíma. Þau hittust fyrst við tókur á myndinni The Break up en Jennifer skildi við eiginmann sinn Brad Pitt í byrjun síðasta árs.

Samkvæmt heimildum blaðsins bað Vince leikkonunnar í Las Vegas og gaf henni rándýran trúlofunarhring. Heimildarmaður blaðsins sagði að þau hefðu ekki ákveðið nákvæma dagsetningu á brúðkaupinu en hjónakornin létu sennilega þússa sig saman í byrjun sumars.

„Þau eru ekki alveg ákveðin en eru að tala um byrjun sumars. Bæði Vince og Jennifer eru að athuga dagskrána sína og skipuleggja brúðkaupsferð.“

Atson seðlaveski til fermingagjafa.
Ókeypis nafngyllum fylgir.



Leduridjan ehf. Brautarholti 4, sími 561-0060



Alltaf Góðar

Roastbeefpizza ~ Parmaskinkupizza
Grænmetispizza með sólþurrkuðum tómötum
Kjúklingapizza með gullosti ~ Ostaveisla með ribsgel

Valbraut

5 68 68 68

Mjódd



KENNETH COLE
new york



Verð kr. 14.500



Verð kr. 19.500



Verð kr. 10.500



Verð kr. 9.950



Verð kr. 12.000



Verð kr. 13.900

BERNHANN JÓNSSON
sími 551 3014



VÍÐ INGOLFSTÓÐ
hjwatch@silnet.is



-25%
enn meiri
afsláttur
af heilsársdekkjum

-25%
afsláttur
af vinnu við smur

**Ótrúleg
tilboð**

kíktu við og gerðu góð kaup
á jeppadekkjum

Vaxtalausar léttgreiðslur

BÍLKÓ
bilko.is

- Betri verð!

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

Bíll frá kr. **1.950** á dag*



*Verð er án kílómetragjalds.

HASSO

Car-rental

Hasso Ísland - Smiðjuvegi 6, rauð gata, sími 555 333 0

Tel: **555 333 0**

ALVÖRU FÓLK

Nemendur í Listaháskóla Íslands gerðu sér dagamun um daginn, fengu sér bjór og sýndu afrakstur erfiðis síns



Flott fólk Þessir krakkar eru flottar fyrirsætur.



Froskakona Þetta verk er eftir Helgu Arnalds sem er nemi við skólann.

Listamenn!

LISTASTJÖRNUR FRAMTÍÐARINNAR

Björtustu vonir okkar Íslendinga í myndlistinni héldu á dögnum litla samsýningu á nýjustu verkum sínum í risastórum húsakynnum myndlistadeildar Listaháskólans í gömlu pulsugerðinni í Laugarnesinu. Þar var glatt á hjalla og mikið um dýrðir og greinilegt að Reykjavík hefur að geyma mikla snillinga í myndlistinni.

Ekki hvort heldur hvenær

Ólafur Elíasson, Erró, Kjarval og Gabríela Friðriksdóttir eiga það öll sameiginlegt að hafa slegið rækilega í gegn í myndlist úti í hinum stóra heimi og komið okkur Íslendingum á kortið. Ísland er ekki stórt nafn í heimi myndlistarinnar ennþá en það gæti allt eins breyst á næstunni. Björk, Sigur Rósar-strákarnir og Emilíana Torrini eru orðin þekkt um allan heim fyrir frumlega og metnaðarfulla tónlist og því bara tímaspursmál hvenær ungar listaspírur fara að láta almennilega til sín taka á erlendri grundu.



Góð stemning Alex Sommers lista-nemi spilar á gítar og fær sér einn kaldan.



Logi Bjarnason Stendur stoltur fyrir framan verk sitt.

Hressir hlaupbangsar Þessi uppstilling er aldeilis skringileg og frumleg.



Þorbjörg Hafsteinsdóttir og Oscar Umahro Cadogan eru alltaf saman

SKEMMTILEGAST AÐ VERA



ÁSTFANGIN

Við hittumst á ráðstefnu í Kaupmannahöfn í fyrsta skipti. Um leið og Þorbjörg gekk inn í salinn vissi ég að eitthvað myndi gerast, ég sá hana eiginlega áður en ég sá hana,” segir Oscar Umhro Cadogan matreiðslumaður um Þorbjörgu Hafsteinsdóttur unnustu sína. Oscar og Þorbjörg stjórna matreiðsluþættinum Heil og Sæl á Skjá einum og hafa vakið mikla athygli.

„Við vorum bæði í samböndum á þessum tíma sem gengu ekki upp. Það leið síðan smá tími áður en við urðum formlega par,” segir Oscar sem er alveg með á hreinu hversu lengi þau hafa verið saman. „Við höfum verið saman í þrjú ár, átta mánuði, nítján daga og um þrettán klukkustundir,” segir hann og hlær. „Það má eiginlega segja að hún hafi fallið fyrir súkkulaðiköku sem ég bakaði fyrir hana en ég eldaði margar finar máltíðir til þess að ná hana,” segir Oscar.

Alltaf saman

Oscar og Þorbjörg búa bæði í Danmörku og á Íslandi. „Þorbjörg á þrjár dætur og ein þeirra býr í Danmörku. Við gerum þetta þannig að við erum viku á Íslandi og viku í Danmörku,” segir Oscar en þau búa í Helsingör í Danmörku.

Þorbjörg og Oscar eyða miklum tíma saman enda vinna þau saman. „Við erum með sjónvarpsþáttinn og svo matreiðslunámskeið úti um allan bæ. Við eyðum miklum tíma í að elda og erum alltaf rosalega upptekin. Þegar tími gefst förum við í bíó saman eða langar gönguferðir.”

Oscar og Þorbjörg fara einnig árlega í utanlandsferð tengda atvinnu sinni. „Þá förum við á læknaáráðstefnu sem er annað hvort í Kanada eða Bandaríkjunum. Við gefum okkur alltaf góðan tíma í þetta. Núna er hún til dæmis í Tampa á Flórída og við ætlum að fara fimm dögum áður en hún hefst. Þá getum við legið á ströndinni, slappað af og borðað góðan mat saman.”

Skemmtilegast að vera ástfangin

Oscar og Þorbjörg eru ekki trúlofuð en greinilega mjög ástfangin. „Ég gaf henni eitt sinni glerstyttu í afmælisgjöf. Það er Glófaxi þar sem hesturinn er með faxið allt flaksandi. Þetta var eins konar ástargjöf því hesturinn minnir okkur á Þorbjörgu þegar hún vaknar á morgnana. Þá er hárið á henni úti um allt og nú á hún þessa stytta sem minnir hana á þetta,” segir Oscar sem á sjálfur eins stytta til þess að minna sig á Þorbjörgu á morgnana.

Þorbjörg er ættuð úr Aðalvík og þangað fara þau gjarnan á sumrin. „Þá förum við í rómantískar gönguferðir og veiðum á kvöldin, hittum fjölskyldu hennar og höfum það gott.”

En hvernig haldið þið rómantíkinni við?

„Við kyssumst, borðum góðan mat og drekkum vín við kertaljós. Ef það koma upp vandamál, þá leysum við þau bara til þess að geta gert það sem er skemmtilegast, og það er að vera ástfangin.”



Ástarsagan

„Við höfum verið saman í þrjú ár, átta mánuði, nítján daga og um þrettán klukkustundir.”



Lífstill og heilsa Eygló Linda, Sigríður Halldóra Matthíasdóttir og Hjördís Ingvarsdóttir stofnuðu draumafyrirtækið sitt, [Lífstill og heilsa.net](http://Lifstill.og.heilsa.net).

AÐ BREYTA VANDAMÁL

Bandarísk kona sem ég kynntist eitt sinn kunní á aðdáunarverðan hátt að breyta erfiðleikum í nýtt tækifæri. Hún flutti aftur eftir mörg ár í heimabæinn sinn í Kansas en fékk ekkert að gera. Það voru engin laus störf fyrir miðaldra konur. Maðurinn hennar var kominn á eftirlaun í hernum og hafði nægan tíma en ekki næga peninga.

Þau sátu ekki aðgerðalaus og börmuðu sér yfir atvinnuleysi hennar heldur fengu lán til að kaupa risastóra villu í viktoríónskum stíl. Eiginmaðurinn sá um viðgerðir og viðhald en konan gerði rekstur hússins að vinnu sinni. Hún klæðist daglega eins og heldri dama frá Viktoríutímabilinu, svífur um glæsihúsið og starfar við að halda veislur í húsinu.

Morðgáta

Og hugmyndir hennar eru

endalausar. Litlar telpur halda upp á afmælið sitt í villunni, klæðast höttum og kjólum að hætti heldri kvenna og læra borðsiði í teboði telpna.

Viðskiptanemar í háskólanum halda útskriftarveislur sínar í villunni og læra í leiðinni borðsiði sem allir þurfa að kunna, enda fara viðskiptafundir oft fram yfir borðhaldi. Konan heldur veislur fyrir fyrirtæki og óvissuferðir þar sem eiginmaðurinn sækir gestina á hestvagni og farið er í morðgátu meðan á borðhaldi stendur (líkt og vinsælt er á Hótel Búðum). Í turni hússins er svíta sem þau leigja út fyrir til dæmis brúðhjón.

Það eru endalausir viðburðir og uppákomur í húsinu og konan hefur nóg fyrir stafni og getur borgað upp húsið, haft ágætastekjur og skapað að auki atvinnutækifæri fyrir konur í smábænum.

Frúin gerði atvinnuleysi sitt að stökkpalli á vit nýrra ævintýra.

Fann fyrir von

Annað dæmi um hugaða konu sem nýtir sér erfiða reynslu til að skapa ný tækifæri er kunningjakona mín Eygló Linda Hallgrímsdóttir einkaþjálfari. Þó að það sjáist ekki á henni í dag, þá var Eygló (37 ára) langt niðri andlega og líkamlega fyrir nokkrum árum. Punglyndiseinkenni gerðu vart við sig, framtaksleysi og lífsleiði voru að sliga hana. Peningaáhyggjur og meðvirkni drógu hana niður. Og þrátt fyrir að vera löggiltur tryggingamiðlari að mennt vann hún lítið um tíma og var oft sofandi heima um hábjartan dag.

Hún fór til nokkurra ráðgjafa í leit að lausn á vanda sínum en ekkert gekk fyrr en dag einn, í tíma hjá Kára Eypórssyni ráð-

gjafa, kviknaði einhver neisti. Hún fann fyrir von og mundi eftir þeirri frísku stúlku sem hún hafði eitt sinn verið.

Ropeyoga

Það birti til og hana langaði að fara að byggja sig upp. „Ég fann að það dugar ekki að vera á kantinum og tuða, heldur þarf maður að taka ábyrgð, framkvæma og finna út hvað gleður mann.“

Ég hætti að lifa í bullandi meðvirkni og sjálfsvorkunn og fór að sinna sjálfri mér,“ segir þessi geislandi kona sem hefur fundið sína hillu í lífinu, lært að vera einkaþjálfari, ropeyoga-kennari og lagt stund á NLP-undirmeðvitundarfræði.

Þyngdin hafði farið vaxandi hjá henni eftir þrítugt og nú leggur hún stund á nám í næringarþerapiu í fjarnámi til að



Tennis „Ég fór með í slíka ferð og þar var boðið upp á líkamsrækt daglega, göngur, fræðslu, slökun, tennis, ropeyoga, sund og frí, svo eitthvað sé nefnt.“



Sirý Sigríður Arnardóttir skrifar um að breyta vanda- málum í tækifæri.

Í TÆKIFÆRI

taka á þyngdinni og til að miðla til annarra. Í dag sinnir Eygló einkaþjálfari skjólstæðingum sínum á margan hátt og allt er það byggt á hennar eigin reynslu. Þegar viðskiptavinir hennar eru hjá henni í slökun vinnur hún með spurningar eins og: Hver er ég? Hvaða draum á ég? Ætla ég að lifa í bið eða taka ábyrgð? Fyrir hvað þakka ég í lífinu?

Breytti erfiðleikum í ný tækifæri

Eygló og vinkonur hennar, einkaþjálfararnir Sigríður Halldóra Matthíasdóttir og Hjördís Ingvársdóttir stofnuðu draumafyrirtækið sitt, Lífstíll og heilsa.net, á þessu ári. Þær tóku alla sína reynslu saman og fundu út hverju þær hefðu að miðla. Útkomuna er að finna í lúxusheilsuferðum fyrir konur sem vilja byggja sig upp í fríinu. Þetta eru vikufærir til

Flórída þar sem Eygló, Hjördís og Sigríður Halldóra leggja áherslu á að vinna með hug, líkama og sál. Ég fór með í slíka ferð og þar var boðið upp á líkamsrækt daglega, göngur, fræðslu, slökun, tennis, ropeyoga, sund og frí, svo eitthvað sé nefnt.

Eitt sinn átti Eygló Linda erfitt með að horfa í spegil, svaf mikið á daginn og hafði lágt sjálfsmat. En hún vann í málunum, bætti við sig þekkingu og breytti erfiðleikum í ný tækifæri. Nú er hún í hópi lífsglaðra kvenna sem láta drauma sína rætast.

Uppskrift að góðum degi:

Í ferðum stelpnanna í Flórída byrja allir dagar á vatni, vítamín- um, gönguferðum, morgunmat og leikfimi. Í kjölfarið fylgir slökun og vinna með jákvætt hugarfar. Þetta tryggir bjartsýni og gott skap það sem eftir lifir dags.

„En hún vann í málunum, bætti við sig þekkingu og breytti erfiðleikum í ný tækifæri. Nú er hún í hópi lífsglaðra kvenna sem láta drauma sína rætast.“

Tugir íslenskra ungmenna fara til útlanda ár hvert til að starfa sem au-pair. Hin tvítuga Björg Magnúsdóttir er ein þeirra, en hún starfar sem au-pair í London um þessar mundir.

OFT BOÐIÐ Á STEFNUMÓT

Ég kláraði Versló síðastliðið vor og var óráðin með framhaldsnám. Ég sá fyrir tilviljun auglýsingu í Morgunblaðinu þar sem auglýst var eftir au-pair í London og ég ákvað að slá til,“ segir Björg sem hefur verið í borginni síðan í ágúst. „Ég bjóst í raun við að þetta yrði erfiðara, en ég var svo heppin að lenda hjá einstaklega góðri fjölskyldu að ég hef ekki fengið heimprá einn einasta dag.“

Á daginn fyrir sjálfa sig

Fjölskyldan sem Björg starfar hjá býr í Norður-London og tekur það um 15-20 mínútur að fara með neðanjarðarlestinni í miðbæinn. Húsmóðirin er íslensk en eiginmaðurinn kanadískur og starfa þau bæði sem lögræðingar. Þau eiga tvö börn, 6 og 8 ára.

Dagurinn hjá Björgu byrjar klukkan korter í átta á morgnana. Þá gefur hún krökkunum morgunmat, smyr handa þeim nesti og fylgir þeim í skólann. Daginn á hún svo fyrir sjálfa sig, til klukkan 15.30. Þá nær hún í börnin í skólann og fer með þau í þær tólmstundir sem þau stunda, kemur þeim svo heim og eldar fyrir þau kvöldmat ef foreldrarir eru að heiman. Eftir það á hún frí. „Þetta er allt öðruvísi hér úti en heima. Þegar ég var 6 ára gekk ég ein heim úr skólanum en hérna í London er passað mun meira upp á börnin og þeim fylgt allt, enda rík ástæða til,“ segir Björg.

Á meðan börnin eru í skólanum sinnir Björg fjarnámi frá Háskóla Íslands og nýtir tímann til að skoða sig um í London, fara á söfn o.s.frv. „Ég er líka

að byrja á námskeiði í London School of Journalism þannig að það er nóg við að vera.“

Í heimskautanærfötum í rúmið

Um helgar dvelur Björg oft í Austur-London þar sem hún hefur eignast góðan breskan vinahóp. „Bretar eru mjög kurteisir og skemmtilegir. Þeir eru frekar opnir og hafa mikinn áhuga á Íslandi. Ég hef þurft að rifja upp alþjóðafræðina úr Versló því það er alltaf verið að spyrja mig út í þorskastríðið,“ segir Björg og hlær.

Talið berst að breskum strákum en helsti munurinn á þeim og íslenskum piltum sé sá að þeir fyrrnefndu eru óhræddir við að bjóða stelpum á stefnumót. „Mér hefur aldrei verið boðið á stefnumót í Reykjavík en í London er manni oftast boðið út. Slíkt gerist hvar og hvenær sem er, í neðanjarðarlestinni, á kaffihúsum eða á götum úti, sérstaklega ef maður er einn á ferð,“ segir Björg hlæjandi en bætir við að hún hafi reyndar aldrei þegið slíkt boð, hún hafi einfaldlega ekki lagt í það.

Aðspurð hvað hafi komið henni mest á óvart við lífið í borginni nefnir hún heimavinnandi húsmæður. „Í hverfinu sem ég bý í eru flestar konurnar heimavinnandi. Það er frekar undantekning en regla að eiginkonur vinni úti hérna og það kom mér mjög á óvart. Einnig kom kuldinn í húsunum mér í opna skjöldu. Bretar kynda ekki eins mikið og Íslendingar og þess vegna verður að klæða sig eftir því. Ég fer til dæmis oft í rúmið í lopapeysu og heimskautanærfötum.“

Lítið í boltanum

Björg spilaði fótbolta með FH áður en hún fór utan og hafði áhuga á að halda fótboltaíðkuninni áfram í London. Það hefur hins vegar ekki gengið sem skyldi því þrátt fyrir að Bretar hafi mikinn áhuga á íþróttinni er ekki algengt að stelpur spili fótbolta og því finnst fá stelpulið.

„En ég horfi á fótbolta um helgar. Fjölskyldan sem ég bý hjá er mikið Arsenal-fólk en þar sem ég held með Manchester United hefur það alveg boðið upp á smá ágreining. Ég var nú bara hálfgegin að síðasti leikur liðanna fór 0-0, ef Manchester hefði unnið hefði ég líklegast ekki verið vinsælasta manneskjan á heimilinu,“ segir Björg.

Planið er að Björg verði í borginni í eitt ár og komi heim næsta haust, reynslunni og nokkrum ferðatöskum ríkari, því hún segist vera dugleg að versla á mörkuðunum og í „second hand“-verslunum borgarinnar.

„Meðallaun au-pair stúlkna hér í London eru um 70-90 pund á viku. Maður fer því ekki í þetta starf til þess að eignast pening heldur til þess að skemmta sér og kynnast nýrri menningu og hugsun. Með því að búa í borginni upplifir þú hana allt öðruvísi en þegar þú heimsækir hana sem ferðamaður.

Ég hef líka nú þegar bætt enskuna mína heilmikið og ég býst við því að þegar vistinni lýkur hafi ég áttað mig enn betur á því hvað ég vil gera í lífinu. Mér finnst líka alveg inni í myndinni að fara í framhaldsnám hér, nema þá ég skelli mér næst til New York.“



Klassík Rauði strætóinn, eitt af táknum borgarinnar.



Hressing Þarna er hægt að fá nýkreistan appelsínusafa.

„Mér hefur aldrei verið boðið á stefnu-
mót í Reykjavík en í London er manni
oftar boðið út. Slíkt gerist hvar og
hvenær sem er, í neðanjarðarlestinni, á
kaffihúsum eða á götum úti.“

Í LONDON



Sældarlíf!



Girnilegir pelsar
Það eru freistingar á
hverju horni í London.



Björg Magnúsdóttir Starfar
sem au-pair í London.

HJÁLPAR FÓLKI AÐ SET

Guðrún Nielsen íþróttakennari er önnum kafinn eldri borgari

Pað eru ýmis fyrirtæki sem hafa verið með þetta í nokkur ár þegar fólk er að undirbúa starfslokin,“ segir Guðrún Nielsen íþróttakennari en hún hefur undanfarin ár staðið fyrir svokölluðum Starfslokánámskeiðum fyrir aldraða.

Saknar fimleikáranna

„Þetta heitir Starfslokánámskeið og það er Þórir Guðbjörnsson, kennari og rithöfundur, sem hefur starfað mikið fyrir aldraða sem stóð fyrir þessu í byrjun og skipuleggur námskeiðin víða um land. Þetta er orðið hátt í 20 ár sem þetta hefur verið í gangi,“ segir Guðrún en hún var liðtæk í fimleikum á sínum yngri árum.

„Ég var í svokölluðum sýningarhópi þar sem við fórum víða um land og sýndum fimleika. Þetta vantar í fimleikana í dag en nú er aðallega hugsað um að keppa,“ segir hún. Eins og áður segir er Guðrún menntaður íþróttakennari og starfaði sem slíkur allt þar til hún settist í helgan stein.

„Ég byrjaði sem stundakennari eins og vaninn var og síðar fékk ég fasta stöðu við lönskólann.“

Mikil þörf á starfslokánámskeiðum

„Það er til dæmis erfitt að komast í gegnum tryggingamálin einn, það er slíkur

frumskógur. Það er geysilega víðtæk og fjölbreytt fræðsla á mörgum sviðum sem er farið yfir á þessum námskeiðum,“ segir Guðrún og bætir við að mikil þörf sé fyrir svona námskeið. Guðrún situr svo sannarlega ekki iðjulaus þegar hún er ekki að sinna námskeiðunum því hún er í ýmiss konar félagsstörfum og syngur meðal annars í kór.

„Ég syng með Senjórítunum sem er afsprengi Kvinnakórs Reykjavíkur, stjórnandinn er Sigrún Þorgeirsdóttir og hún er afskaplega líflæg og skemmtileg,“ segir þessi lífsglaða kona.

Syndir á hverjum degi

„Ég er svo spræk að ég þríf allt hér og sé um heimilið og reyni að nota stigann eins og ég get enda er það algerlega lífsmáttýnt fyrir eldra fólk að hreyfa sig,“ segir hún. Hún reynir að synda daglega og hreyfir sig eins og hún getur í sínu daglega lífi. Guðrún býr með eiginmanni sínum, Gunnari Guðvarðarsyni kennara.

„Við fórum á gamals aldri að byggja okkur hús, það var gamall draumur hjá okkur,“ segir Guðrún en hún er ákaflega ánægð með lífið eftir að hún hætti að vinna.

„Maður verður að vera glaður, það gefur lífinu svo sannarlega gildi,“ segir þessi 83 ára unga kona að lokum.



Guðrún Nielsen „Ég var í svokölluðum sýningarhópi þar sem við fórum víða um land og sýndum fimleika. Þetta vantar í fimleikana í dag en nú er aðallega hugsað um að keppa.“

Texti: Brynja Björk Garðarsdóttir og Jón Mýrdal



TJAST Í HELGAN STEIN

Kröftug!

Syngur með Senjórítum

„Ég syng með Senjórítunum sem er afsprengi Kvennakórs Reykjavíkur, stjórnandi er Sigrún Þorgeirsdóttir og hún er afskaplega líflæg og skemmtileg.“

„Ég er miklu meira
inni í þessu gamla,
frá 1940 og eitthvað
svoleiðis. Mér finnst
þessir nútímagaurar
ekkert góðir.“

Gleðigjafi!

Snillingar Valdi
var glaður þegar
Geir Ólafsson
mætti í heimsókn.

Valdi koppasali er mikill aðdáandi tónlistar í anda Franks Sinatra

FÉKK GEIR ÓLAFSSON

Ég hlusta aðallega á Frank Sinatra og eitthvað svona eldgamalt. Geir Ólafsson syngur mikið af Sinatra-lögum og mér finnst hann svakalega góður," segir Þorvaldur S.K. Norðdahl, betur þekktur sem Valdi koppasali. „Ég er miklu meira inni í þessu gamla, frá

1940 og eitthvað svoleiðis. Mér finnst þessir nútímagaurar ekkert góðir," segir Valdi og fassar þegar hann er spurður hvort hann hlusti á rapptónlist.

Valdi segist vera eitthvað um fimmtugt og hefur safnað hjólkoppum í um fjörutíu ár. „Þetta byrjaði þannig að ég fann benz-

kopp af kúlubílunum eins og eru í Fornbílaklúbbnum. Eftir það gat ég ekki hætt að safna," segir hann en hefur ekki hugmynd um hve mörgum koppum hann hefur safnað. Valdi býr með móður sinni á Hólmi uppi við Rauðavatn og hefur einnig mikinn áhuga á fornþílum. „Ég

á nú engan bíl, hef ekki einu sinni bílpróf," segir Valdi sem aldrei hefur komið til útlanda og tínr flöskur sem aukabúgrein.

„Hann er náttúrulega alveg yndislegur maður og það kom mér mjög á óvart hvað hann er mikið inni í þessari tegund tónlistar," segir Geir Ólafsson



Hjólkoppar úti um allt „Þetta byrjaði þannig að ég fann benz-kopp af kúlu-bilunum eins og eru í Fornbilaklúbbnum. Eftir það gat ég ekki hætt að safna.“



Flottir Geir og Valdi spjölluðu saman heillengi.



Spjölluðu saman „Við spjölluðum heilmikið um hvað tónlistin er miklu betri frá þessum tíma en hún er í dag.“



Flott plötusafn „Hann er með original 48 snúninga plötur frá 1940 þannig að þú getur rétt ímyndað þér hvað hann er mikið inni í þessari tegund tónlistar.“



SON Í HEIMSÓKN

ALVÖRU FÓLK

tónlistarmaður sem kíkti í heim-sókn til Valda í síðustu viku.

„Við spjölluðum heilmikið um hvað tónlistin er miklu betri frá þessum tíma en hún er í dag. Hann er gríðarlegur herramaður og virtist vita meira um mig en ég sjálfur,“ segir Geir og hlær.

„Valdi er mikill smekkmaður.

Hvort sem er á mús-ík, vín, hjólkoppa eða bíla. Hann er það sem maður kallar klassiker,“ segir Geir sem var heill-aður af plötusafni Valda.

„Hann er með original 48 snúninga plötur frá 1940 þannig að þú getur rétt ímyndað þér

hvað hann er mik-ið inni í þessari tegund tónlistar,“ segir Geir ánægð-ur með heimsóknina.

„Það var náttúrulega bara heiður að fá að komast inn í herbergi hjá þessum snillingi og skoða þessa minjagrip.“

Geir Ólafsson rekur ver-sluna Dún og fiður. „Ég er búinn að ákveða það að ég ætla að gefa honum sæng og koddra og koma því á hann fljótlega,“ seg-ir Geir Ólafsson að lokum.

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal H&N-myndir: E.Ól.

Eitt stærsta eiturlyfjamál Íslandssögunnar tók óvænta stefnu þegar tálbeituaðgerð lögreglunnar leystist upp í háskaleik.

Dramatískt sjónarspil
Lögreglubíllinn rétt eftir að lögreglumaðurinn kom félaga sínum út og í sjúkrabíl.

Kókaínsmyglarinn lét ekki þar við sitja heldur réðst því næst á lögreglumann og stakk hann í hjartastað með skærum sem hann hafði í vasanum.

ELTINGALEIKUR

Lokaspil eins stærsta eiturlyfjasmygls sem sögur fara áf á Íslandi var ógnvekjandi og dramatískt. Árið 1992 notaði lögreglan tálbeitu til að klófesta kókaínsmyglara og elti hann í felum í marga daga. Þegar ákveðið var að láta til skarar skriða varð uppi fótur og fit og allt fór úr böndunum og endaði með stórslysi.

Keypti kók í Kólumbíu

Kókaínsmyglarinn sem hafði oft komið við sögu lögreglunnar hafði farið til Kólumbíu og dvalið þar í 5 mánuði. Hann tók að sér að flytja 1,2 kíló af kókaíni frá Kólumbíu og hugðist koma því í hendur glæpamanna í Danmörku. Þegar enginn danskur glæpamaður lét sjá sig ákvað kókaínsmyglarinn að fara með efnið til Íslands.

Hann slapp inn í landið með allt kókaínið á sér.

Of heiðarlegur skúrkur

Fljótlega eftir að kókaínsmyglarinn kom til landsins var hann settur í steininn til að afplána dóm sem hann hafði hlotið áður. Í afplánuninni kynntist hann öðrum fanga sem hann sagði frá eiturlyfjunum. Sá fór rakiðis til lögreglunnar og bauðst til að hjálpa til við að klófesta kókaínsmyglarann og koma höndum yfir efnið áður en það kæmist í dreifingu.

Þessi skyndilegi heiðarleiki kom mönnum á óvart þar sem uppljóstrarinn hafði verið þekktur fyrir margt annað en löghljóðni.

Svikamylla lögreglunnar

Þegar sjálfskipaða „tálbeitan“ og kókaínsmyglarinn voru lausir úr fangelsinu fór svikamylla lögreglunnar og tálbeitan strax í gang. Tálbeitan fór að semja við smyglarann um kaup á kókaíninu sem hann

hafði geymt á vísu stað meðan hann sat í fangelsi.

Lögreglan stýrði aðgerðinni og skaffaði tálbeitunni pening til að gabba smyglarann og sannfæra hann um áhuga á efniinu og fylgdist síðan með öllu saman úr fjarlægð.

Sturlaður smyglari

Að kvöldi 17. ágúst 1992 þegar þeir félagarnir úr fangelsinu hugðust ganga frá viðskiptunum dró heldur betur til tíðinda við sundlaugarnar í Laugardal þegar dópið átti að skipta um hendur.

Kókaínsmyglarinn trylltist þegar hann sá lögreglumennina koma aðvifandi og taldi að þar væru á ferð hrottar á vegum tálbeitan sem ætluðu að ræna hann kókaíninu og drepa hann. Hann óskraði á óeinkennisklæddu lögreglumennina að hann mundi skjóta þá kæmu

þeir nær. Því næst seildist hann ofan í jakkavasa sinn eins og hann væri að ná í skammbyssu og náði að komast í bil sinn og spóla af stað.

Háskalegur eltingaleikur

Hófst þá æsilegur eltingaleikur þar sem kókaínsmyglarinn ók bifreið sinni á ógnarhraða með lögregluna á ómerknum bílum á hælunum. Smyglarinn ók á 160 kílómetra hraða þegar verst lét, undir áhrifum kókaíns, aðeins með stöðuljósin kveikt. Og það var eiginlega ekki spurning um hvort heldur hvenær eltingarleikurinn myndi enda með ósköpum.

Lögreglan elti smyglarann alla leið upp í Mosfellsbæ. Þegar þar var komið sögu höfðu bæst við merktir lögreglubílar með vælandi sirenur og blikkandi ljós. Kókaínsmyglarinn ók utan í einn lögreglubíl áður en hann stímdi



Keyrði á ógnarhraða

Kókaínsmyglarinn ók bíl sínum á 160 kílómetra hraða.



Kíló af kókaíni

Efnið sem lögreglan náði frá kókaínsmyglaranum.



Kókaínsmyglarinn handsamaður Lögreglu-menn fylgja kókaínsmyglaranum til yfirheyrslu.



Brunarúst Lögreglubíllinn brann til kaldra kola.

DAUÐANS

á ógnarhraða á annan og stöðvaðist loks.

Meðvitundarlaus í eldhafi

Við áreksturinn rifnaði bensíntankur lögreglubílsins og eldur kviknaði í afturhluta hans. Öku- maður bílsins, Benedikt Lund, sagði svo frá í samtali við DV:

„... síðan gerðust hlutirnir mjög snögg. Ég sá bílinn koma á ofsahraða með parkljósinn á. Ég steig bensingjöfina í botn og var ekki kominn á nema um 60 kílómetra hraða þegar ég sá bílinn rétt fyrir aftan okkur. Þá fór ég út á hægri kantinn en á svipstundu skall bílinn aftan á okkur hægra megin.“

Lögreglubíllinn snérist eins og skopparakringla á blautu malbikinu við áreksturinn. „Þegar ég steig út úr bílnum sá ég eitt eldhaf í kringum okkur. Ég kallaði á félagi minn en fékk engin viðbrögð. Þá leit ég á

hann og sá að hann var meðvitundarlaus,“ sagði Benedikt.

Þegar Benedikt og annar lögreglumaður höfðu rétt náð meðvitundarlausu félaganum út úr brennandi bílnum heyrðist sprenging og bíllinn varð alelda á svipstundu. Munaði þarna minnstu að menn hefðu látið lífið.

Stakk lögreglu með skærum

Kókaínsmyglarinn lét ekki þar við sitja heldur réðst því næst á lögreglumann og stakk hann í hjartastað með skærum sem hann hafði í vasanum. Eftir stunguna náði lögreglan loksins að yfirbuga hann. Varð það lögreglumanninum til lífs að skærin stungust í vasabók hans og stöðvuðust þar og varð honum ekki meint af stungunni.

Lögreglumaðurinn í farþega- sætinu slasaðist mjög alvarlega

og var lengi vel í lífs- hættu eftir atvikið.

Smyglarinn geðsjúkur

Kókaínsmyglarinn var dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir fíkniefnainn- flutninginn, glæ- fraasksturinn og líkamsárásina á lög- reglumanninn. Eftir að hann losnaði úr gæslu stakk hann sjötugan mann með skærum. Þá var hann dæmdur ósakhæfur og dvelur enn þann dag í dag á réttargeðdeildinni á Sogni.

Eiturlyf og peningar

Meðan á rannsókn málsins stóð var lögreglan og fram- ganga hennar í þessu máli

mikið milli tannanna á fólki. Lögregluþyriföld og almenn- ingur skegggræddu vopnaburð, mútur og síaukna hörku í und- irheimum Reykjavíkur þar sem eiturlyf og peningar yrðu fólki að bana í síauknum mæli. Eins og sannast hefur síðan.

Mér líst mjög vel á þetta og hef enga trú á öðru en að við vinnum þetta," segir Halldór Ásgeirsson, liðsmaður MH, greinilega mjög spenntur. Stemningin byrjaði reyndar í síðustu viku. „Við rændum inspector þeirra MR-inga. Við lugum að honum að það ætti að gera myndband fyrir Morfís. Svo settist hann inn í bíl og þá komu tveir rumar, settust við hliðina á honum og fluttu hann nauðugan upp í MH," segir Halldór en þar var æðsti maður MR-inga látinn hlusta á stríðsyfirlýsingu. „Stríðið er hafíð," sagði Halldór en viðurkenndi þó að andstæðingarnir væru með hörkugott lið.


Ræðulið Menntaskólans við Hamrahlíð hefur sigrað andstæðinga sína nokkuð örugglega í vetur. „Já, þetta hefur verið frekar létt. Við slógum til dæmis met þegar við sigruðum Suðurnesjamenn með 1070 stigum, minnir mig," segir Halldór sem tvisvar hefur orðið ræðumaður kvöldsins í vetur.

Liðsmenn MH eru allir nýir nema liðsstjórnin sem er reynsluboltinn í hópnum. „Fyrir þessa úrslitakeppni hefur verið hefð hjá MH að fara upp í bústað og við vorum þar um helgina, annars er þetta búið vera alveg djöfulleg vika," segir Halldór sem er nokkuð sáttur við frammi-stöðu sína í pontunni í vetur.

„Ég lít nú á sjálfan mig sem mjög kurteisan ræðumann og leyfi öðrum að vera dónalegir."

Ertu með einhver skilaboð til MR-inga?

„Já, ég held að rostinn í þeim verði lækkaður aðeins á föstudaginn. Þeir dattu út úr Gettu betur og á morgun verður Morfís líka búið hjá þeim, þetta verður ekkert stjörnuár hjá MR-ingum, það er nokkuð ljóst," segir Halldór Ásgeirsson að lokum.



Ræðulið MH *Ætla* heldur betur að taka á MR-ingum annað kvöld.



Rökrætt MH og MR *ætla* að rökræða um frelsi einstaklingsins í kvöld.



MH-ingar hafa lýst yfir stríði

**ÞETTA VERÐUR EKKERT
STJÖRNUÁR HJÁ MR-INGUM**



MORFÍS-ÚRSLIT



Annað kvöld, föstudagskvöld, fer fram úrslitaviður-eign í Mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskóla á Íslandi. Þar mæta listamennirnir úr Hamrahlíðinni gáfumenninum úr MR. Það er greinilega stírt á milli liðanna sem eru bæði tvö tilbúin í slaginn og ætla að rökræða um frelsi einstaklingsins.

Ræðulið MR Hefur ekki unnið Morfís frá 1988 en ætla að bæta úr því annað kvöld.

MR-ingar mæta kokhraustir til leiks

MH-INGAR VITA EKKI HVAÐ ÞEIR ERU AÐ FARA ÚT Í



Ég er bara þrælspenntur og býst við að þetta fari vel. Þeir hafa eitthvað en ég held við tökum þetta," segir Jón Eðvald Vignisson í ræðuliði Menntaskólans í Reykjavík. „Við fórum náttúrulega í gegnum Verzló í undanúrslitum. Þegar við fórum af stað í þessa keppni töldum við að Verzló væri okkar sterkasti andstæðingur, en það má segja að við höfum farið létt í gegnum þá," segir Jón Eðvald og nefnir að Borgarholtsskóli hafi einnig verið með fínt lið.

„Við höfum kannski lagt aðeins meiri vinnu í undirbúning fyrir sjálfa vikuna núna. Annars spilum við þetta bara eins og við höfum alltaf gert, það er formúla sem virkar og ég sé ekki ástæðu til þess að breyta því eitthvað," segir Jón Eðvald og bætir við að þeir séu með fina aðstöðu í skólanum.

En hvað finnst honum um rán MH-inga á inspectornum þeirra?

„Við erum nú búnir að borga fyrir það. Það voru ónefndir aðilar sem sáu um að stela lukkudýri MH-inga, hinum óralanga Miðgarðsormi. Þannig að inspectors-ins hefur verið hefnt.“

Nú hafa MH-ingar lýst yfir stríði, hvað finnst Jóni um það?

„Já, MH-ingar voru snöggir að lýsa yfir stríði, ef þeir vilja stríð, þá fá þeir stríð," segir Jón Eðvald sem býst við mikilli stemningu annað kvöld. „Það er góð stemning fyrir þessu í skólanum og við ætlum að rífa þakið af húsinu. MR hefur ekki unnið þessa keppni frá 1988. Það var áður en einn liðsmaður okkar fæddist, svo það er kominn tími á þetta.“

Erðu með einhver skilaboð til MH-inga?

„Ég óska þeim bara góðs gengis og hlakka til að sjá þá á föstudaginn. Ég veit ekki hvort þeir geri sér grein fyrir hvað þeir eru að fara út í, þetta verður helvíti hart okkar megin, og þeir þurfa bara að undirbúa sig undir það.“



MR-ingar Mæta kokhraustir til leiks í úrslit Morfís.



Sægreifinn Kjartan Halldórsson var sjókokkur í yfir þrjátíu ár

Gott á grillið

Kjartan býður upp á sex rétti á grilli.



ALVÖRU FÓLK

Með fiskinn Kjartan var sjókokkur í yfir þrjátíu ár.



„Það er mjög góð samvinna okkar á milli. Hann er einmitt í Ameríku núna að starta einhverri hamburgarabúllu við Hvíta húsið, það er mikið af hamburgararössum í Bandaríkjunum.“

BÝR TIL BESTU HU

Ég er búinn að vera hérna í þrjú ár, þetta er svona fiskverkun, en ég elda sjálfur,“ segir sægreifinn Kjartan Halldórsson við slippinn sem hefur verið sjókokkur í meira ein þrjátíu ár.

„Ég var í Vestmannaeyjum á Sæbjörginni og það var gríðarlega mikil hamingja. Svo var ég líka með honum Grétari Mar, ég er nú hræddur um það. Hann var skipstjóri og mikill aflamað-

ur, sem fiskaði manna mest. Hann er líka skemmtilegur maður og það var gaman að vera með honum,“ segir Kjartan sem hefur mikið dálæti á gamla skipstjóranum sínum.

„Hann borðar reyndar ekki mikið af fiski en mikið af landbúnaðarafurðum því þær eru góðar, íslenska lambakjötið er mjög gott,“ segir Kjartan sem fylgist með Grétari í pólitíkinni.

„Hann væri góður í hvaða ráðu-

neyti sem er en hann væri bestur í landbúnaðarráðuneytinu held ég,“ segir Kjartan sem hafði gaman af því að vera kokkur á sjó.

Eldaði kjamma

„Við vorum einu sinni að veiða úti í kanti og þá var mikið veitt af karfa. Ég var að elda svið sem var uppáhaldsréttur skipstjóra míns. Menn voru lengi að róa og ég þurfti að biða með matinn. Þá kallar skipstjórinn

í mig og biður mig að færa sér kjamma upp í brú sem ég náttúrulega gerði,“ rifjar Kjartan upp með bros á vör.

„Komdu með annan, sagði hann svo og þetta gekk svona. Nema hvað, hann safnaði öllum kjömmunum í dall uppi í brú og svo þegar hann var búinn henti hann öllum beinunum út um gluggann og það urðu allir brjáláðir. Það gekk ekki að vera að bera mat í karlinn með þá dauð-



Seabaron Kjartan Halldórsson er sannkallaður sægreifi.



Állinn Kjartan býður upp á reyktan ál.

MARSÚPU Í HEIMI

svanga úti á dekki," segir Kjartan og hlær. „Það jöfnuðu sig svo sumir þegar þeir voru búnir að borða.“

Besta humarsúpa í heimi

Kjartan býður upp á sex fiskrétti á útigrilli sem hann er með fyrir utan hjá sér en einnig selur hann ýsu, þorsk og lúðu.

„Síðan er ég með hina heimsfrægu humarsúpu sem þú færð ekki betri í veröldinni,“

segir Kjartan og á fyrir aftan hann heyrist kallað: „Hún er alveg rosalega góð!“ Það er Sigurður Ingi Ingólfsson, netagerðarmeistari úr Vestmannaeyjum, sem þar er kominn. „Hann er að fá sér ábót hjá mér,“ segir Kjartan og hlær.

Kjartan getur verið með allt að 20 manns í mat, svo er líka verbúð hjá honum. „Ég bý um rúmin og svo geta menn bara lagt sig eftir matinn, það

eru fáir sem geta boðið upp á þetta.“

Grasið grænna hinum megin

Við hliðina á Sægreifanum er sjálfur Tommi með Hamborgarabúlluna sína. „Það er mjög góð samvinna okkar á milli. Hann er einmitt í Ameríku núna að starta einhverri hamborgarabúllu við Hvíta húsið, það er mikið af hamborgararössum

í Bandaríkjunum,“ segir Kjartan og skellihlær.

En er Sægreifinn með konu? „Ég er búinn að eiga margar konur, get ég sagt þér, er ekki með neina núna. Mér hefur nefnilega alltaf þótt grasið grænna hinum megin,“ segir Kjartan að lokum og hlær enn meira en áður.

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal - H&N-myndir: E.Ól.

1 Býr til myndverk

„Þegar ég á lausa stund nota ég oft tímann til að búa til myndverk sem ég gef mínum nánustu í jóla- og afmælisgjafir, þeim til hrellingar.“

2 Hraðnámskeið í sænsku

„Einu sinni tók ég viðtal fyrir Ríkissjónvarpið við glæpasagnahöfundinn Henning Mankell á sænsku þótt ég tali alls ekki sænsku. Ég tók bara hraðnámskeið í sænsku hjá bræðrum mínum og treysti svo á að hann myndi ekki segja neitt of flókið.“

3 Maðurinn grænmetisæta

„Maðurinn minn er grænmetisæta svo ég borða afar sjaldan kjöt og fisk.“

4 Í áhuga-leikhóp

„Ég er í áhuga-leikhóp sem heitir Harpan og hefur af einhverjum ástæðum ekki verið uppgötvður. Meðal félaga minna þar er sonur Björns Bjarnasonar!“



5 Björn Bjarna vissi um óléttu

„Talandi um Björn Bjarnason, þá urðu sérstakar kringumstæður til þess að hann var meðal fyrstu manna sem vissi að ég var ólétt. En hann kjaftaði ekki frá leyndarmálinu.“

6 Ekki gaman að elda

„Mér finnst ekki gaman að elda en ég elska að borða.“



7 Langar að tala minna

„Ég hef oft tekið þá ákvörðun að tala minna. Hún hefur aldrei gengið eftir.“

8 Frænka skáldsins

„Ekki margir vita það en Dagur Sigurðarson skáld var móðurbróðir minn.“



9 Yoda endurborinn

„Ég er mikill aðdáandi Stjörnustríðsmyndanna gömlu og sama má segja um suma vini mína. Meðal annars trúir einn þeirra að hann sé Yoda endurborinn.“

10 Alltaf á verkstæðum

„Ég er fastakúnni á bilaverkstæðum enda held ég að ekkert sé upprunalegt eftir í bílnum mínum. Hann er franskur og er það sem kallað er „bill með sál“.“



10

hlutir sem þú vissir ekki um mig...

Katrín talar um hrellandi myndverksmíðar sínar, þagmælsku Björns Bjarnasonar, vensl sín við Dag Sigurðarson og Yoda endurfæddan.

FASTAKÚNNI Á BÍLAVERKSTÆÐUM



Þarftu að hreinsa líkamann?

Sitrónu, lime, engiferblanda og öflugar jurtir til að hreinsa líkamann



Erfitt að vakna?

Orkumikið grænt te og jurtir gefa þér orku til að halda þér í toppformi



Viltu styrkja ónæmiskerfið?

Sólhattur og aðrar öflugar jurtir sem hjálpa þér að berjast á móti kvefi og öðrum kvillum

Þarftu að slaka á?

Epla og berjablanda með kanil og öflugum jurtum sem hjálpa þér að slaka á eftir erfiðan dag



Náttúrulega
FIREFLY

Patron ehf heilidsala
Ármúla 19
5531930

SKEMMTU EGASTA I HEITVIT SPURNINGAKEPPNI

SPURNINGAKEPPNIN
SPURÐU VIN PINN



1. Hvað heita nýjustu sólóplötur Bubba Morthens?
2. Hvað heitir settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu?
3. Hver er formaður menntamálanefndar Alþingis?
4. Hvað heitir Frakkinn sem spilar í fremstu víglínu Liverpool?
5. Hvenær áttu geimverur að lenda á Snæfellsjökli?
6. Hvers lenskur er Thomas Malakauskas, höfuðpaurinn í líkfundarmálinu?
7. Hver er bæjarstjóri í Vestmannaeyjum?
8. Hvaða tónlistarmaður átti slagarann „Lust for life“?
9. Hvað er Hvannadalshnjúkur hár?



10. Hvaða þingmaður stjakaði við Sigurði Kára Kristjánssyni þingmanni á dögumum?
11. Hvað heitir þeldökki forsetinn í þáttunum 24?
12. Ef gottið er gott heitir gottið... ?
13. Með hvaða handknattleikslíði leikur Guðjón Valur Sigurðsson?
14. Hver er aðstoðarmaður forsætisráðherra?
15. Hver er umsjónarmaður þáttarins Sirkus Rvk?
16. Hvað heitir dúettinn sem samdi lagið Rangur maður?
17. Hvenær hefst Sportið á NFS á kvöldin?
18. Hver þjálfar New York Knicks í NBA-deildinni?
19. Hvað hét gaurinn sem veiddi Keikó?
20. Hvað heitir Gillzenegger?



ÞÉTT SVÖR

11. David Palmer
12. Freyja
13. Gummertsbach
14. Björn Ingi Hrafnsson
15. Asgeir Kolbeinsson
16. Sólstrandargeisjarnir
17. Kúkkann 18.12
18. Larry Brown
19. Siggi (Sigurður Karlsson)
20. Egill Einarsson
1. Ast og í 6 skrefa fjarlægð frá Faradis
2. Sigurður Tómas Magnússon
3. Sigurður Kári Kristjánsson
4. Djíbril Cisse
5. Fimmta nóvember árið 1991
6. Frá Lithæni
7. Bergur Elías Ágústsson
8. Iggí Pop
9. 2110 (2109,6)
10. Guðjón Arnar Kristjánsson

SKOPMYND VIKUNNAR

Hvað, unnum við eitthvað?



BRÄSNIC
ribsa culviculum
řaski metolčovož
gnifiř!!!

Ég veit það ekki,
eigum við ekki
bara að fara aftur
til Vegas?

STRÁKARNIR Í SLÓVAKÍU

HÉR & NÚ KROSSGÁTAN

NR.27

	1	2	3		4	5	6					
				7		8		9				
	10			11	12							
	13	14			15					16	17	
18				19	20				21	22		
23			24		25			26	27		28	
	29			30			31			32		
33			34			35		36		37		
		38					39		40		41	42
43	44					45		46		47		
48				49	50					51	52	
	53					54		55			56	
						57			58	59	60	
	61							62				

- | | | | | |
|-------------------------|--------------------------|---------------------|--------------------|------------------------|
| LÁRÉTT | 29 ÆXLUNARFÆRI BLÓMS (5) | 54 ÖGN (3) | 7 SKYNFÆRA (5) | 37 SVIPUHÖGG (4) |
| 1 SPÍRA (3) | 31 FLANA (3) | 56 KYRRÐ (2) | 9 SPYRJA (4) | 38 ERLENDIS (3) |
| 4 KÚGUN (3) | 32 PUNNUR VÖKVI (3) | 58 ANNÁLL (5) | 12 ÞOKA (5) | 39 SAMFOKINN FÖNN (5) |
| 8 SPREI (3) | 33 SAMTÖK (2) | 61 DRYKKUR (4) | 13 HEIMTING (5) | 41 VITFIRING (3) |
| 10 HÆÐ (2) | 34 AÐ LOKUM (4) | 62 GENGT AUSTRI (6) | 14 ENGI (4) | 42 AÐSTREYMI FÓLKS (6) |
| 11 LAUN (5) | 36 SKRIFA (5) | | 17 FALL (4) | 44 GAT (2) |
| 13 HVÍÐA (4) | 38 ÁSÝNDAR (6) | | 18 MANNÞYRPING (2) | 46 ÖRN (3) |
| 15 HNEYGÐUR TIL E-S (5) | 40 ÉTUR ALLT (5) | | 20 SLAPPI (5) | 49 HJARA (4) |
| 16 TVEIR EINS (2) | 43 HRYGNINGU (4) | | 22 MÁLMUR (4) | 50 ÁHRIF (4) |
| 18 PAPPÍRSBLAÐ (3) | 45 KEYRA (3) | | 24 SAGÐI (5) | 52 FULLNÆGJA (4) |
| 19 ÁNA (4) | 47 TIL (2) | | 26 SUSS (3) | 53 STYKKI (3) |
| 21 SEYTLAR (4) | 48 SPENDÝR (3) | LÓDRÉTT | 27 ÞEKKJA LEIÐ (4) | 55 HORFÐU (3) |
| 23 SAUMASKAPUR (4) | 49 STUNDIR (5) | 1 ATLAGA (4) | 30 KJÖKUR (3) | 57 KUSK (2) |
| 25 LÉLEGUR (5) | 51 STEYPUFNI (4) | 2 LANGA (5) | 33 Í ANDLITI (4) | 59 Í RÖÐ (2) |
| 28 LÍÐA VEL (3) | 53 ASKA (3) | 3 BARDAGI (2) | 35 MÁLHELDI (4) | 60 VERSLUN (2) |
| | | 5 INNYFLI (4) | | |

Flottust!



Mokka · Svart · Camel

Leðurstígvél stærðir 36 til 41 · Verð 8.990

skór.is
KRINGLAN · SMÁRALIND
www.skor.is

hér & nú

STÚLKAN

**Karen Ósk
Sigurðardóttir
21 árs**



Hér & nú stúlkan þessa vikuna heitir Karen Ósk Sigurðardóttir. Karen er 21 árs og býr í Grafarvoginum. Hún vinnur í Café Konditori í Kringlunni á daginn og á bar um helgar. Karen var í námi í Verkmenntaskóla Austurlands en hætti þar til að fara að vinna og skoða heiminn. „Ég fór til Danmerkur, Svíþjóðar og Grænlands meðal annars og bjó og vann í Gautaborg um tíma.“ Karen segist stefna á að ferðast meira í framtíðinni en ætlar fyrst að setjast aftur á skólabekk í haust. Karen er á lausu.

NÝTT

Americanflex®

Glæsileiki



BOX COM BAÚ

Fullkomin lausn!
Nýttu plássið. Frábærar lausnir í
unglingaherbergjö, sumarbústaðinn
eða hvar sem er.



DUPLO BOX

Nýttu plássið. Frábær lausn í
unglingaherbergjö

BUONO

Mjög vandað rúm með Bonnel sjálfstæðu
gormakerfi. Sérstyrkt á hliðum og miðju.
Ofnæmisprófað, og vandað rúm.

Feringartilboð

120 x 200 verð kr.59,900.-



RÚM&SÓFI
húsgagnaverslun

Borgartúni 28 · 105 Reykjavík · Sími 5618833

Fermingargjafir

fyrir poppara, rappara og rokkara...

Kassagítarar
frá 10.900 kr.

Trommusett
frá 36.500 kr.

Gítarmagnarar
frá 9.900 kr.

Rafmagnsgítarar
frá 15.900 kr.

Hljómborð
frá 23.900 kr.

Mbox með Pro Tools
frá 41.500 kr.


HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

vorið er komið

BeYu®

[bi:ju:]

munich · ibiza · new york



ISFLEX ehf
www.beyu.de

+ Þú færð BeYu í verslunum Lyfju:

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Selfossi - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni
Stykkishólmi - Borgarnesi - Eskifirði - Egilsstöðum - Reyðarfirði - Seyðisfirði - Hornafirði - Ísafirði - Húsavík - Sauðárkróki - Blönduósi

VERÐHRUN Á VELLÍÐAN!

PÚ KAUPIR ÞRIGGJA MÁNAÐA KORT
OG FÆRÐ TVO MÁNUÐI AUKALEGA



AÐEINS 16.900.- (3.380,- PER MÁNUÐ)
...OG VIÐ GERUM ENN BETUR!

ÞVÍ ÞÚ FÆRÐ EINNIG:

- ~RAUTT EÐAL GINSENG - TIL AD AUKA ÚTHALD OG EFLA ÞOL
- ~5 TÍMA LJÓSAKORT - TIL AD BRÚA BILID ÞANGAD TIL SÓLIN LÆTUR SJÁ SIG
- ~RÁÐGGJÖF EINKAÞJÁLFARA - TIL AD ÞÚ NÁIR SEM BESTUM ÁRANGRI
- ~VEGGSPORT BOL - TIL AD HINIR Í VEGGSPORTKLÍKUNNI BEKKI ÞIG Á GÖTU
- ~VEGGSPORT VATNSBRÚSA - ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAD SKILID



VEGGSPORT

Skvass & Heilsurækt

STÓRHÖFÐA 17, VIÐ GULLINBRÚ
SÍMAR 577 5555 & 577 5566

TÆKJASALUR
GOLFHERMIR
SPINNING
ERÓBIKK
SKVASS
KARFA
GUFUBAÐ

